Skáldaðar minningar

Menning ➤ 24

Airwaves á fullum krafti

Lífið ➤ 26

Velkomin í glænýja verslun á Selhellu í Hafnarfirði
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

242. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 3. NÓVEMBER 2022

Bæjarstarfsmenn settu upp jólatré við Fífuhvammsveg í gær. Þó að enn sé ekki byrjað að snjóa er vetur konungur byrjaður að minna á sig og veður fer kólnandi í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gefum fleiri hjörtu en við þiggjum

Alls hafa 24 Íslendingar gengist undir hjartaígræðslu. Á þessari öld hefur hjartagjöfum hér fjölgað langt umfram innlenda eftirspurn.

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Íslendingar gefa nú næstum tvöfalt fleiri hjörtu en þeir þiggja samkvæmt nýrri rannsókn vísindamanna Háskóla Íslands og Landspítala sem sagt er frá í nýjasta hefti Læknablaðsins. Ástæðuna má rekja til þess að hjartagjöfum hér á landi hefur fjölgað umtalsvert á síðustu tveimur áratugum.

Það sem af er öldinni hafa 42 hjörtu verið gefin frá Íslandi. Hefur þeim fjölgað úr tæplega einu hjarta á ári á fyrri hluta tímabilsins í þrjú hjörtu á ári á síðari hlutanum.

„Allar mælingar sýna mikinn stuðning Íslendinga við líffæragjafir," segir Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, sem vann að rannsókninni ásamt Atla Steini Valgarðssyni, sérnámslækni í skurðlækningum í Texas. Tómas segir að nýjar reglur um ætlað samþykki sjúklinga frá 2019 hafi skipt sköpum í þessum efnum.

Markmið rannsóknarinnar var að birta heildstætt yfirlit um tíðni og árangur af hjartaígræðslu á Íslendingum en einnig kanna þann fjölda hjarta sem gefinn er til ígræðslu erlendis og bera saman við nágrannalöndin. Meðal niðurstaðna er að lífslíkur og lífsgæði Íslendinga eftir hjartaígræðslu eru ágætar og sambærilegar við það sem best gerist í nágrannalöndunum.

> Allar mælingar sýna mikinn stuðning Íslendinga við líffæragjafir.

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir

Hjartaígræðslur eru ekki gerðar hérlendis, en alls hafa 24 Íslendingar gengist undir slíka aðgerð ytra frá fyrsta aðgerðinni í Bretlandi 1988, flestir á Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg. Rannsókn á afdrifum hópsins sýnir að meðallíftími eftir aðgerð var 24,2 ár og var 91 prósent sjúklinga á lífi einu ári frá aðgerð og 86 prósent fimm árum síðar, sem er á pari við stærri ígræðslusjúkrahús nágrannalanda.

„Ég á ekki von á því að við hefjum hjartaígræðslur á Íslandi, svo sérhæfðar sem aðgerðirnar eru og eftirmeðferðin flókin," segir Tómas Guðbjartsson sem hefur ásamt öðrum íslenskum hjartaskurðlæknum tekið þátt í ígræðslum erlendis. ■

Alvarlegum sjóslysum fækkað

SLYSAVARNIR Síðastliðinn áratug hefur banaslysum sjómanna fækkað verulega og hefur ekkert banaslys orðið síðustu fimm ár.

Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna

„Okkur hefur tekist að koma að þekkingu hjá sjómönnum sem þeir eru að nýta sér, en þetta snýst um breytt viðhorf," segir Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna. „Það er eitt að kenna, en annað hvernig sjómaðurinn vinnur úr því." Samgöngustofa kynnti í gær nýtt skráningarkerfi þar sem hægt er að tilkynna slys rafrænt. SJÁ SÍÐU 8

Jólahúsin í Kópavogi fá engin verðlaun í ár. En kannski á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það verða engin jól í Kópavogi í ár

benediktboas@frettabladid.is

KÓPAVOGUR Lista- og menningarráð Kópavogs telur ekki raunhæft að gera skautasvell eða sérstakan jólabæ í ár vegna tímaskorts. Ráðið leggur þó til að taka umræðuna fyrr á næsta ári svo hægt sé að gera bæinn jólalegri.

Hugmyndir sem komu einnig til ráðsins voru að gera jólakort Kópavogs þar sem helstu staðsetningar jólaviðburða koma fram og jólahús Kópavogs, sem væri samkeppni um jólalegasta húsið í bænum. Tíminn þótti þó ekki nægur en 51 dagur er til jóla.

Elísabet Berglind Sveinsdóttir, formaður ráðsins, fékk það hlutverk að útfæra hugmyndina í samstarfi við starfsfólk menningarmála. ■

Ging gang gúllí gúllí

Skátahreyfingin á Íslandi fagnaði aldarafmæli sínu og áratug betur með hressilegri kvöldvöku í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ungskátar sungu hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaldbakur kaupir Landsbankahúsið

ser@frettabladid.is

AKUREYRI Fjárfestingarfélagið Kaldbakur, sem meðal annars er í eigu Samherja, hefur keypt Landsbankahúsið við Ráðhústorg á Akureyri. Sjö tilboð bárust og var tilboð Kaldbaks hæst, 685 milljónir króna.

Fyrstu tillöguuppdrætti að húsinu gerði Guðjón Samúelsson en gert var ráð fyrir mögulegri viðbyggingu á austurhlið hússins.

„Kaldbakur vill leggja sitt af mörkum til að varðveita húsið og glæða það frekara lífi til framtíðar," segir Eiríkur S. Jóhannsson framkvæmdastjóri sem segir eigendur meðvitaða um tillögur Guðjóns.

„Við munum skoða þessi mál í framhaldinu, þannig að nýting hússins verði sem best og sómi þess og bæjarprýði verði sem mest." ■

Garðar Örn ráðinn aðstoðarritstjóri

FJÖLMIÐLAR Garðar Örn Úlfarsson, fréttastjóri á Fréttablaðinu frá 2020, hefur verið ráðinn aðstoðarritstjóri. Garðar Örn á að baki langan feril í blaðamennsku, og var í hópi fyrstu blaðamanna Fréttablaðsins við stofnun þess 2001.

Garðar Örn Úlfarsson

Sigmundur Ernir Rúnarsson er sem áður aðalritstjóri miðla Torgs sem gefur meðal annars út Fréttablaðið, Markaðinn og DV og rekur sjónvarpsstöðina Hringbraut. ■

„Vildi að ég gæti átt venjulegan fimmtudagsmorgun með fjölskyldunni"

Ljósið ljosid.is/ljosavinur

Sögð hafa svipt sig lífi eftir synjun á bráðamóttökunni

Landspítalinn segir það reglu að engum sem þurfi á bráðri þjónustu að halda sé vísað frá bráðamóttöku en svarar því ekki hvort verið sé að skoða slíkt tilfelli daginn sem veik kona svipti sig lífi fyrir skömmu.

gar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn neitar að tjá sig um konu sem lést í október og frænka hennar segir að hafi stytt sér aldur eftir að hafa komið að lokuðum dyrum á bráðamóttöku nóttina áður.

Konan sem lést og var um fimmtugt mun hafa átt við andleg veikindi að stríða. Daginn sem útför hennar fór fram var birt í Morgunblaðinu minningargrein sem ein frænka hennar skrifaði.

„Eina helgina nú í október þegar vanlíðanin var að buga hana leitaði hún á bráðamóttökuna um nótt. Þar var henni tjáð að það væri sunnudagur og enga hjálp að fá fyrr en eftir hádegi. Ef hún hefði nú verið með hjartaáfall ætli henni hefði þá verið vísað frá? Öðru máli gegnir greinilega um sálaráfall!" segir í minningargrein frænkunnar sem kveður konuna í kjölfarið hafa gripið til örþrifaráða.

„Og hvað gat hún gert til að lina þjáninguna? Jú, hún fékk sér sundsprett í ísköldum sjónum og lifði það ekki af. Þjáningum hennar er nú lokið en eftir sitja ættingjarnir í djúpri sorg sem seint verður læknuð," segir í minningargreininni.

Fréttablaðið leitaði eftir svörum frá Landspítalanum um mál konunnar. „Er rétt að henni hafi verið vísað frá bráðamóttöku Landspítalans þegar hún leitaði aðstoðar þar þá um nóttina eða sólarhringana á undan?" var spurt. „Ef svo er, getur þá verið að verkferlar spítalans séu ekki fullnægjandi til að takast á við bráðavanda af þessu tagi?"

Hvert rúm er sagt skipað á bráðamóttökunni sem er á geðdeild Landspítalans við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpar

Upplýsingafulltrúi Landspítalans svaraði því til að spítalinn gæti ekki tjáð sig um einstaka mál. „En starfsreglur gera ráð fyrir að óvænt andlát skömmu eftir komu á spítalann séu tekin til skoðunar," segir í svarinu þar sem bent er á að móttaka vegna bráðs geðræns vanda sé opin allan sólarhringinn á Landspítala. „Samkvæmt verklagsreglum á engum í bráðri þörf á þjónustu að vera vísað frá."

Í kjölfar þessa svars var Landspítalinn spurður hvort slíkt mál væri til skoðunar vegna andláts sem orðið hefði á þeirri dagsetningu sem konan lést. „Liggur fyrir að engum í bráðri þörf á þjónustu hafi verið vísað frá spítalanum dagana 1. til 9. október?" var einnig spurt.

Engar nánari upplýsingar er hins vegar að hafa um þetta málefni frá Landspítalanum. „Vísa í fyrra svar," segir í svari upplýsingafulltrúans.

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, kveðst hafa heyrt um mál konunnar þótt ekki hafi verið leitað til Geðhjálpar vegna þess. „Það eru fleiri svona mál í umræðunni og hafa verið í mörg ár," segir hann. Sorglegt sé að heilbrigðiskerfi ráði ekki við það sem sé í gangi.

„Það er erfitt að setja sig í spor þeirra sem eru að vinna við þetta og geta ekki veitt þjónustu því öll úrræði eru full. Á bráðageðdeild er hvert rúm skipað og hvað ætlar fólk að gera þá?" spyr framkvæmdastjóri Geðhjálpar. ■

Taktu forskot á jólabaksturinn!

Hjá okkur finnur þú mikið úrval af tilbúnu smákökudeigi. Við leggjum mikið upp úr gæðum og að smákökurnar bragðist vel. Kökurnar eru mjög einfaldar í bakstri; þú þarft bara að skera deigið í sneiðar, raða á plötu og skella í ofninn!

Vegan smákökudeig
með súkkulaðibitum, 400 g

695,-

Smákökudeig
með engifer, 400 g

595,-

Smákökudeig
með piparlakkrís, hindberjum
og hvítum súkkulaðibitum, 400 g

795,-

Smákökudeig
með súkkulaðibitum, 400 g

695,-

Vissir þú?

Smákökudeigið okkar er allt framleitt frá grunni á staðnum!

Smákökudeig
með kókos og rúsínum, 400 g

595,-

Smákökudeig
með súkkulaðibitum
og hnetum, 400 g

695,-

Krakkakökudeig
með súkkulaðiperlum
og súkkulaðidropum, 400 g

695,-

Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is

IKEA

© Inter IKEA Systems B.V. 2022

Kvennaathvarfið safnar fyrir húsi

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í dag hefst í Gallerí Fold uppboð á verkum til styrktar Kvennaathvarfinu.

„Kvennaathvarfið er neyðarathvarf og þar er ávallt pláss en það er farið að þrengja ansi vel að athvarfinu og aðstaða til að taka viðtöl, sinna hópastarfi og starfsmannaaðstaða er af mjög skornum skammti. Mest aðkallandi eru þó aðgengismálin, en gamla húsnæðið er ekki aðgengilegt öllum konum og það er eitthvað sem er mjög brýnt að bæta," segir Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

Uppboðið hefst klukkan 17 í Gallerí Fold. Boðið verður upp á veitingar og tónlistaratriði. Á heimasíðu Kvennaathvarfsins má lesa meira um söfnunina og hvernig má leggja henni lið. ■

Ásakanir um bolabrögð Bjarna

olafur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Stuðningsmenn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar í Kópavogi og Reykjavík eru æfir út í Bjarna Benediktsson og stuðningsmenn hans vegna þess sem þeir kalla bolabrögð.

Í samtali við Fréttablaðið sakaði rótgróinn trúnaðarmaður flokksins Jón Gunnarsson um að hafa gengið fram með ógeðfelldum hætti við að bola 30 fulltrúum úr Kópavogi út af landsfundi á tækniatriði.

Brynjar Níelsson, formaður kjörbréfanefndar, segir ýmis vandamál hafa komið upp varðandi kjörbréf. Verið sé að reyna að leysa úr þeim til að sem flestir verði sáttir. Erfitt sé hins vegar að gera öllum til hæfis.

Einnig hefur verið fullyrt að verið sé að dusta rykið af aflögðum Sjálfstæðisfélögum og kjósa frá þeim fulltrúa andstætt reglum flokksins. Brynjar segir ýmis álitamál vera uppi og tíminn naumur. „Þetta er ekkert nýtt í flokknum í kringum landsfundi og prófkjör," segir hann. ■

Háar fjárhæðir án útboðs til lítillar lögmannsstofu

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Frá því í ágúst 2018 og út júlí 2022 hafa Íslög, lítil lögmannsstofa í eigu hjónanna og lögmannanna Steinars Þórs Guðgeirssonar og Ástríðar Gísladóttur, fengið 76,2 milljónir króna greiddar frá fjármálaráðuneytinu fyrir lögfræðiþjónustu. Þetta eru 55 prósent af öllum lögfræðikostnaði ráðuneytisins á þessum tíma.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær gerði Sigurður Þórðarson, sem var settur ríkisendurskoðandi til að fylgjast með framkvæmd samnings milli fjármálaráðuneytisins og Lindarhvols ehf. sem falið var að selja eignir sem ríkið fékk í stöðugleikaframlag frá þrotabúum föllnu bankanna, alvarlegar athugasemdir við starfsemi Lindarhvols.

Meðal þess sem Sigurður gagnrýndi í greinargerð voru mjög mikil umsvif Steinars Þórs á vegum stjórnar Lindarhvols. Á þeim tveimur árum sem félagið starfaði greiddi Lindarhvoll tæpar 120 milljónir til lögmannsstofu Steinars Þórs. Frá því að starfsemi Lindarhvols var hætt í febrúar 2018 hefur félagið greitt lögmannsstofunni röskar 20 milljónir, samtals 140,5 milljónir.

> Samtals hafa Íslög fengið greiddar tæplega 217 milljónir frá fjármálaráðuneytinu og Lindarhvoli frá 2016.

Samtals hafa Íslög fengið greiddar tæplega 217 milljónir frá fjármálaráðuneytinu og Lindarhvoli frá 2016. Eru þá ótaldar greiðslur frá Seðlabankanum en Steinar Þór hefur sinnt ýmsum verkefnum fyrir Eignasafn Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt reglugerð fjármálaráðuneytisins um vöru- og þjónustukaup ber opinberum aðilum að fara í opið útboð sé verðmæti verkefna meira en 18,5 milljónir króna. ■

Fulltrúi landlæknisembættisins gagnrýnir stjórnvöld í áfengismálum

Milljarðar fara í súginn vegna skaðlegrar áfengisneyslu, 3–5 prósent af þjóðarframleiðslu. Á sama tíma og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur ríki til að minnka áfengisneyslu um 10 prósent er áhersla á Íslandi á aukið frelsi og þjónustu, að sögn verkefnisstjóra hjá landlækni.

bth@frettabladid.is

Frá ráðstefnu SÁÁ um fíknivanda í gær sem haldin var á Hilton Nordica. MYND/GRÍMUR KOLBEINSSON

LÝÐHEILSA Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis, gagnrýnir andvaraleysi íslenskra stjórnvalda gagnvart skaðsemi áfengisneyslu hér á landi. Mótsagnir séu í áherslum og umræðu um áfengismál.

Í erindi sem Rafn flutti á ráðstefnu SÁÁ um fíknivanda í gær á Hilton Nordica, þar sem kallað er eftir auknu samstarfi milli aðila, sagði Rafn rannsóknir sýna að samfélagslegur fórnarkostnaður sem hlytist af neikvæðum afleiðingum áfengisneyslu hér á landi væri 3 til 5 prósent af vergri þjóðarframleiðslu.

Á sama tíma og stjórnvöld opnuðu nýjar leiðir til að auka aðgengi að áfengi með lagabreytingum, nú síðast með því að heimila sölu beint frá framleiðendum, ykist nýgengi skorpulifrar um 10 prósent árlega og margt fleira mætti nefna um fórnarkostnaðinn.

Stór hluti krabbameina tengist ofneyslu áfengis og alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur sem veldur geigvænlegum skaða, að því er fram kom á ráðstefnunni. Þrjár milljónir manna deyja árlega vegna áfengisneyslu, langflestir í Evrópu þar sem mest er drukkið að sögn Rafns.

> Ég brýni stjórnmálamenn til að sýna hugrekki í þessum efnum.

Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur lagt til við aðildarríki að þau bregðist við vaxandi meðvitund um skaðsemi drykkju. WHO hvetur lönd til að setja stefnu sem hafi að markmiði að minnka áfengisneyslu um 10 prósent.

Á sama tíma bendir Rafn á að Íslendingar auki aðgengi að áfengi sem aldrei fyrr og sé beint samband milli aukins vanda og aukins aðgengis. Frumvarp liggur fyrir Alþingi um að ÁTVR verði heimilt að selja áfengi á sunnudögum.

„Þegar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin spyr mig sem ráðgjafa íslenskra stjórnvalda hvert við stefnum, þá svara ég: Við erum ekki að standa okkur," sagði Rafn í erindi sínu.

Til marks um aukningu í neyslu má nefna að Íslendingar drukku um fjóra lítra af hreinu alkóhóli árið 1989 en núna átta. Á sama tíma og drykkja eykst er minna fé varið til forvarna en áður.

„Ég brýni stjórnmálamenn til að sýna hugrekki í þessum efnum. Það er ekki nóg að einblína bara á frelsi og þjónustu, við þurfum heildarmyndina," segir Rafn. ■

ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

JEEP® COMPASS TRAILHAWK 4XE
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ÍSBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

BAUHAUS®

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA	KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA	KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA	KL. 10:00–18:00

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Við jöfnum lægsta verðið frá samkeppnisaðilunum

KOMDU OG SKOÐAÐU EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF LJÓSUM OG LÖMPUM

Hjá okkur finna allir draumaljósið, hvort sem um inni- eða útiljós er að ræða eða klassíska eða nútíma hönnun.
Við eigum ljós fyrir öll rými.

Í BAUHAUS finnur þú öll þekktustu vörumerkin:

LEDVANCE nordlux PHILIPS

Dial 45 ljós
Hæð 17,5 cm, lengd 45 cm, breidd 45 cm. Ljósapera fylgir ekki. E27-perustæði, hám. 40W. Fæst í hvítu, gráu og gulu.

Flagranera LED borðstofuljós
Stillanleg hæð. Lengd 104,5 cm. 2 x 6W LED ljósaperur fylgja. 1400 lúmen. 3000 kelvin. Matt nikkel/hvítt.

Selvino loftljós
Hæð 110 cm. Þv. 10 cm. Ljósapera fylgir ekki með. E27-perustæði, hám. 1 x 60W. Svart, glært gler.
Selvino borðstofuljós með 3 x 60W.....19.995.- ~~24.995.-~~

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 3. nóvember til og með sunnudeginum 6. nóvember.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Tíu prósent fjórðu bekkinga drekki orkudrykki vikulega

kristinnpall@frettabladid.is

LÝÐHEILSA Í nýrri æskulýðsrannsókn Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands kemur í ljós að fjöldi þeirra sem neyta orkudrykkja daglega margfaldast á milli áttunda og tíunda bekkjar. Þá segjast rúmlega tíu prósent nemenda í fjórða bekk, á aldursbilinu níu til tíu ára, neyta orkudrykkja í hverri viku.

Niðurstöðurnar leiða í ljós að af þeim tæplega 2.900 unglingum í tíunda bekk sem svöruðu spurningum um orkudrykki sagðist rétt rúmlega helmingur drekka að minnsta kosti einn orkudrykk á viku.Tæp fjögur prósent sögðust drekka orkudrykki oft á dag og 4,4 prósent sögðust drekka einn á dag.

Unglingar á höfuðborgarsvæðinu voru sólgnari í orkudrykki en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu þar sem hlutfallið var 4,6 prósent í Reykjavík sem drekka orkudrykk daglega og rúm fimm prósent úr Kópavogi segjast drekka fleiri en einn orkudrykk á dag.

Neysla orkudrykkja hjá unglingum á Íslandi virðist stigmagnast eftir því sem þeir eldast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er veruleg aukning á neyslu orkudrykkja miðað við niðurstöðurnar úr sömu könnun meðal nemenda í áttunda bekk þar sem þrír fjórðu sögðust aldrei drekka orkudrykki. Í hópi nemenda í áttunda bekk sögðust 1,2 prósent þeirra sem svöruðu könnuninni drekka orkudrykk daglega og sami fjöldi fleiri en einn orkudrykk á dag. Alls tók 2.491 nemandi þátt í fjórða bekk og segist stærstur hluti hópsins, 1.657 börn, aldrei neyta orkudrykkja.

Af þeim sögðust 2,2 prósent drekka orkudrykk eiginlega alla daga, önnur 2,1 prósent drekka orkudrykki 3-6 daga vikunnar og 6,4 prósent drekka orkudrykki einn til tvo daga í viku. ■

Jong-un leiðtogi Norður-Kóreu.

Norður-Kórea aldrei skotið fleiri flaugum á dag

ragnarjon@frettabladid.is

ASÍA Norður- og Suður Kórea hafa sent flugskeyti að ströndum hvor annarrar í stigvaxandi átökum milli þjóðanna.

Norður-Kórea skaut fleiri flugskeytum í gær en nokkru sinni áður á einum degi, 23 skeytum. Eitt þeirra lenti einungis 60 kílómetrum frá borginni Sokcho í Suður-Kóreu. Suður-Kórea svaraði fyrir sig með því að skjóta þremur sprengjum úr lofti að sjónum rétt fyrir innan landamæri Norður-Kóreu.

Norður-Kóreumenn hafa sagt að flugskeytasendingar þeirra séu svar við miklum heræfingum Suður-Kóreu sem framkvæmdar hafa verið í samstarfi við Bandaríkin.

Yfirvöld í Pyongyang hafa varað við því að verði ekki hætt við æfingarnar muni þjóðirnar „greiða versta gjald sögunnar“. ■

Mette í vænlegri stöðu eftir sigur

jonthor@frettabladid.is

DANMÖRK Margrét Þórhildur Danadrottning fundaði í gær með leiðtogum stjórnmálaflokkanna í Danmörku vegna nýafstaðinna kosninga í landinu. Þar lýstu þeir fyrir henni skoðun sinni á því hvernig næsta ríkisstjórn ætti að líta út.

Mette Fredriksen, formaður Jafnaðarmannaflokksins

Flestir þeirra eiga að hafa mælt fyrir því að Mette Frederiksen, formaður Jafnaðarmannaflokksins, myndi leiða nýja ríkisstjórn. Hún hafði fyrr í gær skilað inn afsagnarbréfi sínu sem forsætisráðherra til drottningarinnar.

Flokkur hennar hlaut 27,5 prósent atkvæða, sem kalla mætti stórsigur, og flokkurinn er því sá stærsti á danska þinginu. Því er gert ráð fyrir að hún muni halda umboðinu til að mynda nýja ríkisstjórn í Danmörku. ■

Ágreiningur Endurupptökudóms og Hæstaréttar þýðir dæmafáa pattstöðu

Í úrskurði Endurupptökudóms í máli Ívars Guðjónssonar birtist augljós togstreita milli Endurupptökudóms og Hæstaréttar. Fá dæmi eru um slíka deilu milli tveggja hliðsettra dómstóla í íslenskri réttarsögu.

benediktarnar@frettabladid.is

Endurupptökudómstóll vísaði máli Ívars Guðjónssonar, fyrrverandi forstöðumanns eigin fjársfestinga Landsbankans, aftur til Hæstaréttar fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

DÓMSTÓLAR Á mánudag féllst Endurupptökudómur á beiðni Ívars Guðjónssonar, fyrrverandi forstöðumanns eigin fjárfestinga Landsbankans, um endurupptöku á hans hlut að markaðsmisnotkunarmáli bankans fyrir Hæstarétti.

Togstreitu milli Hæstaréttar og Endurupptökudóms sem þar kemur fram má rekja til þess að í desember á síðasta ári heimilaði Endurupptökudómur endurupptöku á máli Styrmis Þórs Bragasonar, fyrrverandi forstjóra MP banka, og var málið flutt að nýju fyrir Hæstarétti.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu fyrir um fjórum vikum síðan að Endurupptökudómur hefði átt að nýta tiltekna heimild í lögum um meðferð sakamála og vísa málinu til Landsréttar í stað Hæstaréttar, af því að í Landsrétti mætti taka skýrslur af aðilum og vitnum. Málinu var vísað frá Hæstarétti þar sem ekki var hægt að fá munnlega sönnunarfærslu til að geta dæmt í málinu, þar sem hún gat ekki farið fram fyrir réttinum á grundvelli núgildandi laga.

Á mánudag kom sama staða aftur upp í máli Ívars Guðjónssonar en Endurupptökudómur vísaði því máli aftur til Hæstaréttar í stað Landsréttar. Endurupptökudómur túlkar lögin á þann hátt að ofangreint ákvæði eigi aðeins við mál sem hafa áður sætt meðferð hjá Landsrétti. Mál bæði Ívars og Styrmis voru rekin áður en Landsréttur kom til sögunnar.

Víðir Smári Petersen, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, segir það áhugavert að hér séu tveir hliðsettir dómstólar sem hafi hvor sína túlkun á tilteknu lagaákvæði um endurupptöku sakamála.

> Af þessum sökum fer engin endurskoðun fram og gömlu héraðsdómarnir eru látnir standa.

Víðir Smári Petersen, dósent við lagadeild Háskóla Íslands

„Það er alveg ljóst að Hæstiréttur er bundinn af ákvörðunum Endurupptökudóms um endurupptöku málsins, en hann hefur sjálfstæða skoðun á beitingu þessarar heimildar. Endurupptökudómur lítur aftur á móti svo á að hann sé ekki bundinn af túlkun Hæstaréttar, að túlkun Hæstaréttar á þessu lagaákvæði sé ekki fordæmisgefandi fyrir sig. Þetta eru tveir turnar að tala saman og við höfum aldrei lent í þessu áður að tveir hliðsettir dómstólar á æðsta stigi séu ósammála um svona lagaatriði,“ segir Víðir.

Að sögn Víðis er það ekki óheilbrigt eða óeðlilegt í sjálfu sér að dómstólar séu ósammála, og nefnir dæmi um að slíkt þekkist til dæmis í Þýskalandi. Nú sé hér komin upp ákveðin pattstaða og það sé löggjafans að leysa úr ágreiningnum.

„Hér eru tveir dómstólar sem eru ósammála og það er í raun enginn sem getur leyst úr þeim ágreiningi nema löggjafinn. Það er brýnt að mínu mati að löggjafinn ráði bót á þessu, því það er ákveðin pattstaða eins og staðan er núna, þar sem Endurupptökudómur telur að sér sé ekki heimilt að vísa máli til Landsréttar, nema að það hafi áður verið dæmt fyrir Landsrétti. Hæstiréttur telur sig á móti við þessar aðstæður ekki geta framkvæmt munnlega sönnunarfærslu. Af þessum sökum fer engin endurskoðun fram og gömlu héraðsdómarnir eru látnir standa,“ segir Víðir. ■

Terra sigtar loksins plastúrgang úr jarðveginum

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Plastúrgangur frá garðyrkjustöð sem losaður var í landi Spóastaða í Bláskógabyggð hefur nú loks verið fjarlægður, þremur árum eftir að hin ólöglega losun fór fram. Plastið hafði verið blandað jarðefnum.

Þegar tilkynning barst um losunina á árinu 2019 hafði Bláskógabyggð samband við fyrirtækið Terra sem sá um hirðu frá garðyrkjustöðinni og fór fram á að plastið yrði fjarlægt. Terra hugðist ráðast í það verkefni en fyrir sex vikum kom það fram á fundi framkvæmdanefndar sveitarfélagsins að ekki hefði orðið af því.

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Terra, segir hreinsun svæðisins nú á lokastigi. Handvömm hafi orðið til þess á sínum tíma að plastið fylgdi með jarðefnunum á losunarstaðinn og síðan hafi farist fyrir að fjarlægja það.

Ekki hafi verið um mikið magn að ræða. Sá sem rekið hafi garðyrkjustöðina hafi blandað plastinu í gróðurúrgang sem ekki hefði átt að gera.

„En hvort sem þetta var lítið magn átti ekki plast að fara þarna niður. Það er verið að leggja lokahönd á frágang á svæðinu núna, verið að sigta mold og ná úr plastinu,“ segir forstjóri Terra. ■

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Terra segir hreinsun svæðisins á lokastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ICELANDAIR

Tónlist hreyfir við þér

Icelandair - stofnandi og aðalstyrktaraðili Iceland Airwaves

Skannaðu QR kóðann til að láta plakatið hreyfast.

Alvarlegum sjóslysum fækkað til muna

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall
@frettabladid.is

Síðastliðinn áratug hefur banaslysum sjómanna við strendur landsins fækkað verulega og hefur ekkert banaslys orðið síðustu fimm ár. Áfanganum var fagnað í fyrsta sinn árið 2008. Var þetta í áttunda sinn á þrettán árum sem engin banaslys urðu. Öryggiskennd hjá nútímasjómönnum er mun meiri.

Samgöngustofa kynnti í gær nýtt miðlægt skráningarkerfi sem gerir útgerðum kleift að tilkynna slys og atvik tengd sjómönnum rafrænt. Með því er markmiðið að auðvelda útgerðum að uppfylla lagalega tilkynningarskyldu sína en auk þess geta sjómenn sjálfir, óháð starfstitli, skráð slys og atvik þar sem litlu mátti muna að slys hefði orðið.

„Sem meðlimur í rannsóknarnefnd á slysum á sjó og skólastjóri Slysavarnaskólans veit ég að það hefur verið hörgull á því að sjómenn tilkynni sjóslys. Slys hafa jafnvel verið tilkynnt árum eftir að þau komu upp, en með þessum búnaði geta einstaklingarnir farið sjálfir inn og tilkynnt þetta undir eins. Það er enn í ábyrgð skipstjóra að tilkynna hvert tilvik, en það er ekkert að því að fá fleiri tilkynningar. Með þessum hugbúnaði erum við að færa okkur í rafrænt umhverfi," segir Hilmar Snorrason, skólastjóri í Slysavarnaskóla sjómanna, sem situr í rannsóknarnefnd samgönguslysa á sjó, í samtali við Fréttablaðið þegar hann ræðir þessa nýjung.

„Þegar það verður slys á sjó er tilkynningarskylda hjá öllum þeim sem um það vita, að tilkynna það til rannsóknarnefndarinnar, en það hefur verið hörgull á því. Menn hafa iðulega munað að senda tilkynningu inn til Sjúkratrygginga Íslands og talið jafnvel að með því væri það jafngildi að senda rannsóknarnefndinni, en það er ekki. Þetta kerfi veitir okkur vonandi betri yfirsýn."

Koma þessu í verkferla

Hilmar segir mikilvægt að koma þessu kerfi í daglega verkferla hjá sjómönnum þar sem forvarnargildið geti reynst afar mikilvægt.

„Það er okkar að koma þessu inn í verkferla og gera þetta að eðlilegum hluta af starfinu, að meðal fyrstu viðbragða eftir slys sé að tilkynna þau. Það getur reynst heilmikil forvörn í þessu. Sjómaður sem lendir í slysi og telur sig hafa verið klaufa þegar slys kemur upp og sleppir að tilkynna atvikið, en það getur verið að annar sjómaður geti lært af mistökunum og gæti sín í slíkum aðstæðum. Starf okkar í skólanum gengur að mörgu leyti út á forvarnir," segir Hilmar sem segir tvær tegundir slysa algengastar.

„Fallvarnir eru algengustu slysin, bæði hér og á heimsvísu. Ef ég ætti að telja upp algengustu slysin þá tengjast þau líklegast stungusárum, enda meginþorri okkar sjómanna eru fiskimenn sem vinna með hnífa og eru að skera sig. Slíkur skurður getur leitt til taugaskemmda sem hafa langtímaáhrif. Það þekkja margir sjómenn að vera með kalda putta," segir Hilmar og heldur áfram:

„Ég veit um tilvik þar sem einstaklingar voru ekki vissir um hvort það ætti að tilkynna atvikið, en við tölum alltaf um mikilvægi þess að tilkynna frekar meira en minna. Það er engin yfirheyrsla sem fylgir því, en það tryggir að atvikið er á skrá. Ef það kemur upp síðar að það séu langtímaáhrif af slysinu, þá er auðveldara að rekja hvernig slysið bar að og hvaða afleiðingar voru. Þetta er líka mikilvægt fyrir sjómanninn, ef slysin eru ekki skráð getur hann misst af bótum eða rétti á sjúkrakostnaði og sjúkraþjálfun."

Hilmar hefur verið í þessum geira í tæp þrjátíu ár og segir drauminn að eiga slysalaust ár, en hann segir nýja kerfið vonandi skref í þá átt.

„Fjöldi slysa er ekki mælanlegur í fjölda tilkynninga, það getur verið að sama mál sé ekki tilkynnt eða tvítilkynnt. Ef tilkynningarnar leiða til bættra forvarna getum við bætt vinnulag til frambúðar. Ég á mér þann draum að það verði engin slys eitt árið. Við náum því, " segir Hilmar. „Þetta tól er gríðarlega öflugt í þeirri vegferð að komast að núll slysa markinu."

Alvarlegum slysum fækkað

Hilmar hefur starfað við rannsókn sjóslysa í tæpa þrjá áratugi en hann segist sjá mælanlegan mun í fjölda alvarlegra tilvika og segir hann margþætta ástæðu þar að baki.

„Þegar ég byrjaði í rannsóknarnefnd sjóslysa árið 1995 vorum við að eiga við miklu fleiri alvarleg slys. Þá var algengara að einstaklingar urðu örkumla, en sem betur fer eru atvikin í dag flest minni háttar. Það hefur greinileg breyting átt sér stað, alvarlegum slysum fer fækkandi og um leið hefur tilkynningum til Sjúkratrygginga líka fækkað," segir Hilmar. Það sé samspil margra þátta, meðal annars betri hvíldar skipverja.

„Það er önnur breyting sem ekki má horfa fram hjá. Á stærstum hluta skipa hér á landi eru komnar tvær áhafnir, skiptiáhafnir. Menn eru úthvíldari og ég er alveg sannfærður um að það hafi jákvæð áhrif."

Hann segir að það sé einnig viðbragðsaðilum að þakka.

„Annað sem hefur breyst er að við erum með nýrri skip og betri búnað. Svo hefur þyrla Landhelgisgæslunnar komið mönnum á undraverðum hraða undir læknishendur þegar þess er þörf. Það eru ofsalega margir þættir sem koma að þessu, Samgöngustofa á hlut í þessu með aðhaldi sínu og tryggingarfélögin með sínum áherslum á forvarnir. Það eru margir sem eiga hlut í þessu. Svo er það skólinn, þó að ég sé auðvitað ekki hlutlaus þar."

Hugarfar sjómanna breyst

Þar sem Hilmar nálgast þrjá áratugi í starfi sér hann sýnilegan mun á viðhorfi sjómanna sem setjast á skólabekkinn í fyrsta sinn í dag og þegar hann var að hefja störf.

„Okkur hefur tekist að koma að þekkingu hjá sjómönnum sem þeir eru að nýta sér, en þetta snýst um breytt viðhorf. Það er eitt að kenna, en annað hvernig sjómaðurinn vinnur úr því. Við tölum mikið um áhættumat, að sjómaðurinn geri sér stöðugt grein fyrir stöðunni í staðinn fyrir að velta fyrir sér hvað fór úrskeiðis eftir á. Sjómaðurinn getur sannarlega unnið mikið forvarnarstarf á eigin skipi með því að hafa augun og eyrun opin og horfa gagnrýnum augum á umhverfið. Þetta kerfi er um leið möguleiki til þess."

Hilmar er glettinn þegar hann rifjaði upp fyrstu árin sem námskeiðið þeirra varð að skyldufagi og eldri sjómenn þurftu að setjast á skólabekk.

„Slysavarnaskóli sjómanna var settur á laggirnar árið 1985 og átta árum síðar var hann gerður að skyldufagi fyrir sjómenn. Það voru margir fúlir á sínum tíma, þeir kunnu og vissu þetta allt og þurftu ekkert á þessu að halda. Í dag eru kynslóðir sjómanna sem þekkja ekkert annað og tala um mikilvægi þess að sitja þetta námskeið og viðhalda þekkingunni. Það skiptir máli að hamra járnið til að upplýsingarnar komist inn," segir Hilmar og tekur undir að það sé meiri öryggiskennd í yngri kynslóðinni.

„Kynslóðirnar nú til dags eru vanar öryggisvörnum sem eru með öryggið í fyrirrúmi. Hlutum eins og hjálmaskyldu á reiðhjólum og sætisbeltum í bíl. Maður man eftir því að heyra hérna að menn sem komu utan af landi keyrðu aldrei með bílbelti í heimabyggðinni, bara í Reykjavík, en öryggismenningin er allt önnur í dag. Það fer enginn út á þilfar á skipi hjálmlaus lengur. Ég trúi því varla að það gerist.

Það er stutt síðan það var fyrsta árið án banaslyss og það hafa mörg ár fylgt eftir. Það hafa aðrar þjóðir horft til þessa og velt fyrir sér hvað við höfum verið að gera. Stór hluti af því er að við erum með kynslóðir sjómanna sem þekkja ekkert annað en að fara í gegnum menntunina," segir Hilmar og bætir við að helsta þrounin sé í hugarfari sjómanna.

„Menn átta sig á því að þeir vilji komast heim. Skipin hafa tekið framförum, en í enda dagsins er það sjómaðurinn sem hefur tekið hvað mestum framförum í þessum málum." ■

> Kynslóðirnar nú til dags eru vanar öryggisvörnum sem eru með öryggið í fyrirrúmi.
>
> Hilmar Snorrason

Þegar slys verður á sjó hvílir tilkynningarskylda á öllum þeim sem um það vita. Hörgull er þó á að slys séu tilkynnt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mannskæðustu sjóslys Íslands

Mesta sjóslys Íslandssögunnar átti sér stað þann 6. júlí 1942 þegar skipalestin QP-13 sigldi inn í tundurduflabelti norður af Straumsnesi, nyrst á Vestfjörðum.

Skipalestin samanstóð af nítján kaupskipum sem voru ýmist á leiðinni til Bandaríkjanna eða Bretlands ásamt nokkrum vopnuðum fylgdarskipum og tundurduflaslæðara.

Á leið skipanna var tundurduflabelti sem Bretar höfðu lagt til varnar gegn þýskum herskipum en sjö sjómílna breið renna var í beltinu þar sem skipin gátu siglt gegnum. Vegna slæmra veðurskilyrða og misskilnings sigldi lestin hins vegar á tundurduflabeltið og fórust þar nokkur skip.

Þrátt fyrir að í kjölfarið hafi mikil þrekraun verið unnin í björgunarstarfi við erfiðar aðstæður fórust yfir tvö hundruð í slysinu.

Annað mannskætt sjóslys við Ísland átti sér stað þegar hollenska skipið Het Wapen van Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi 19. september 1667 á leið frá Austur-Indíum. Um tvö hundruð manns voru um borð í skipinu en aðeins 60 þeirra björguðust eftir mikla hrakninga.

Margir töldu að skipið hefði borið dýrmætan farm og hefur það stundum verið kallað gullskipið. Í gegnum árin hafa verið gerðar margar tilraunir til að finna skipið í sandinum, meðal annars með drónum og málmleitartækjum, en án árangurs.

Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 3.–6. nóvember

Bæonne-skinka
1.078 kr/kg
~~2.199 kr/kg~~

Lambahryggur
í hvítlauks-
og piparkryddlegi
2.659 kr/kg
~~3.799 kr/kg~~

Cordon bleu
350 g
896 kr/pk
~~1.299 kr/pk~~

Ferskur ananas
265 kr/kg
~~379 kr/kg~~

Mangó
449 kr/kg
~~599 kr/kg~~

Heilt lambalæri
1.699 kr/kg
~~2.499 kr/kg~~

Grísa-fillet,
fyllt og kryddað
2.156 kr/kg
~~4.399 kr/kg~~

Lax,
beinlausir bitar, 1 kg
2.239 kr/pk
~~3.199 kr/pk~~

Kornbrauð
úr súrdeigi, 425 g
419 kr/stk
~~699 kr/stk~~

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Viðbúið að vandi leigjenda á húsnæðismarkaði fari vaxandi

helgisteinar@frettabladid.is

Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður samtaka leigjenda, segir það ekki koma sér á óvart að vandi leigjenda á húsnæðismarkaði fari vaxandi.

Frumniðurstöður nýrrar rannsóknar sem unnin var af Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands benda til þess að 40 prósent fólks á leigumarkaði muni ekki geta safnað sér fyrir íbúð.

Guðmundur segir öll gögn sýna að staða leigjenda þyngist eftir því sem fólk eldist.

„Fyrir fjölskyldufólk eru meiri líkur á að lifa af hættulegar veirur en að komast af leigumarkaði eftir þrítugt. Ef þú ert eldri en 34 ára þá eru innan við tveggja prósenta líkur á að þú losnir af leigumarkaði. Aftur á móti eru 90 prósenta líkur á því að lifa af ebólaveiruna," segir Guðmundur.

Húsnæðismarkaðurinn á Íslandi er alfarið orðinn fjárfestingamarkaður að mati Guðmundar. Hann sé ekki þessi félagslegi markaður sem oft er talað um. „Húsnæði er skilgreint fyrst og fremst sem grundvallarmannréttindi og þess vegna er þetta svo mikil öfugþróun."

Hann bendir á að vísitala byggingarkostnaðar hafi hækkað um 72,2 prósent frá árinu 2010 en vísitala húsnæðisverðs hækkað um 215 prósent.

Á höfuðborgarsvæðinu eru um tvö þúsund íbúðir skráðar til skammtímaleigu. Það samsvarar þremur prósentum af öllum íbúðum í Reykjavík. Til samanburðar er hlutfall slíkra íbúða 0,23 prósent í Stokkhólmi, eða tólf sinnum færri en í Reykjavík.

Guðmundur telur að með því að þrengja skilyrði að lánsfé tryggi stjórnvöld að aðeins þeir sem séu vel stæðir fái að skuldsetja sig á meðan láglaunafólk endi á leigumarkaði. „Það er hins vegar til mjög einföld lækning við þessu. Það er aukið framboð á húsnæði, betri vernd fyrir leigjendur og hömlur á leiguverð. Þessi lækning er notuð í löndum í kringum okkur," segir Guðmundur. ■

Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður samtaka leigjenda.

MYND/AÐSEND

Telur öryggi stefnt í hættu með niðurskurði

Samtök iðnaðarins gagnrýna harðlega niðurskurð til samgöngumála sem boðaður hefur verið í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Stjórnarformaður íslenskra aðalverktaka segir frekari frestun nauðsynlegra framkvæmda stefna öryggi vegfarenda í hættu.

ggunnars@frettabladid.is

Sigurður R. Ragnarsson, stjórnarformaður ÍAV, segir að fari fram sem horfir verði engar framkvæmdir í gangi umhverfis höfuðborgarsvæðið á næsta ári.

MYND/BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

Í skýrslum sem Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga gerðu um ástand innviða á Íslandi árin 2017 og 2021 kom fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf þjóðvega landsins væri yfir 100 milljarðar. Greiningar hafa jafnframt leitt í ljós að vegir og brýr eru þeir innviðir landsins sem eru í hvað verstu ástandi.

Samtök iðnaðarins lýsa yfir þungum áhyggjum af þeim áformum ríkisstjórnarinnar að skera niður í samgönguframkvæmdum um hátt í fjóra milljarða fram til ársins 2024. Fjárlagafrumvarp ársins 2023 bíður nú afgreiðslu Alþingis.

Á meðal þeirra framkvæmda sem stendur til að slá á frest, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, er tvöföldun Reykjanesbrautar við Straumsvík.

Samtök iðnaðarins benda á að sú framkvæmd hafi verið tilbúin til útboðs frá því í júní. Verði fjárlagafrumvarpið samþykkt óbreytt stefni í að framkvæmdir þar hefjist ekki fyrr en eftir tvö ár.

Sigurður R. Ragnarsson, stjórnarformaður Íslenskra aðalverktaka og varaformaður Samtaka iðnaðarins, segir gagnrýnina réttmæta.

> **Við sem samfélag eigum ekki að unna okkur hvíldar fyrr en þessir vegakaflar eru komnir í ásættanlegt horf.**
>
> Sigurður R. Ragnarsson

„Með því að draga með þessum hætti úr nauðsynlegum vegaframkvæmdum er ekki einungis öryggi vegfarenda stefnt í hættu. Þetta setur líka rekstur þeirra fyrirtækja sem eru í bygginga- og mannvirkjagerð úr skorðum. Þeirra bíður að draga úr framkvæmdum, fækka starfsfólki og losa tækjabúnað. Það er staðan sem blasir við þeim sem starfa í greininni," segir Sigurður.

Með niðurskurðinum bætist þannig í uppsafnaða viðhaldsþörf í vegasamgöngum að mati Sigurðar.

„Þetta mun reynast mjög kostnaðarsöm skuldasöfnun því áætluð uppsöfnuð viðhaldsþörf vegna vega landsins er þegar á bilinu 110–130 milljarðar króna."

Sigurður segir að ríki og sveitarfélögin hafi gert vel í heimsfaraldrinum og fjárfest duglega í innviðum. „Það hefur verið töluverð uppbygging á þessu sviði síðastliðin misseri en nú horfir svo við að í fjárlagafrumvarpi næst árs verði aftur gert ráð fyrir niðurskurði."

Hann bætir við að ef fari fram sem horfir verði engar framkvæmdir í gangi við þrjár meginumferðaræðarnar til og frá höfuðborgarsvæðinu á næsta ári.

„Þetta er dálítið nöturleg staðreynd fyrir þessa þrjá mest eknu kafla vegakerfisins sem hafa jafnframt að geyma hættulegustu vegarkafla kerfisins.

Við sem samfélag eigum ekki að unna okkur hvíldar fyrr en þessir vegakaflar eru komnir í ásættanlegt horf fyrir vegfarendur," segir Sigurður. ■

ÓSKAJÓGÚRT ÞJÓÐARINNAR SÍÐAN 1972 – Nýjar umbúðir, sama góða bragðið. Síung í hálfa öld.

ÚRVAL ÚTSÝN

FLUG GISTING, SÓL OG SANDUR Í BEINU FLUG

LÚXUS FRÍ MEÐ ÖLLU INNIFÖLDU

KOMDU MEÐ TIL PUNTA CANA Í DÓMINÍSKA LÝÐVELDINU

25. NÓV. - 04. DES.

9 NÆTUR | 10 DAGAR | FLOGIÐ Í BEINU FLUGI



VISTA SOL PUNTA CANA 4*

VERÐ FRÁ **279.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

ALLT INNIFALIÐ



TROPICAL DELUXE PRINCESS 4*

VERÐ FRÁ **329.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

ALLT INNIFALIÐ

CARIBE DELUXE PRINCESS 5*

VERÐ FRÁ **364.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

ALLT INNIFALIÐ



BARCELÓ BAVARO BEACH RESORT 5*

VERÐ FRÁ **419.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

ALLT INNIFALIÐ

Fararstjóri ferðarinnar er Helga Thorberg

INNIFALIÐ Í VERÐI

- BEINT FLUG FRAM OG TIL BAKA
- FLUGVALLAGJÖLD OG SKATTAR
- FERÐATASKA OG HANDFARANGUR
- GISTING MEÐ ÖLLU INNIFÖLDU
- ÍSLENSK FARARSTJÓRN
- AKSTUR TIL OG FRÁ FLUGVELLI

PUNTA CANA GOLF

Golfvöllurinn The Lakes er stórkostlegur golfvöllur, sem var endurhannaður af frægum arkitekt P.B Dye árið 2010. Völlurinn heldur upprunalegum stíl sínum, rennisléttum brautum sem liggja í gegnum gróskumikinn skóg, en á vellinum er 25 vötn og 122 glompur.

Fararstjóri golfferðarinnar er Gunnlaugur Elsuson

BARCELO BAVARO PALACE GOLF 5*

Glæsilegt 5 stjörnu hótel sem býður upp á falleg og rúmgóð herbergi. Staðsett við the Lakes. Hótelið er við strönd, á einni af 10 bestu strandsvæðum í heimi, skv. National Geographic. Þetta hótel er fyrir þá sem vilja njóta og leika og börn eru velkomin.

VERÐ FRÁ **499.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna - **ALLT INNIFALIÐ Í VERÐI**

INNIFALIÐ Í VERÐI

- BEINT FLUG FRAM OG TIL BAKA
- FLUGVALLAGJÖLD OG SKATTAR
- FERÐATASKA OG HANDFARANGUR
- GISTING MEÐ ÖLLU INNIFÖLDU
- ÍSLENSK FARARSTJÓRN
- AKSTUR TIL OG FRÁ FLUGVELLI
- FLUTNINGUR Á GOLFSETTI
- 18 HOLU GOLF Í 6 DAGA
- AFNOT AF GOLFBÍL
- SPILAÐ Á GOLFVELLINUM THE LAKES BETRI
- SÆTI (AUTT SÆTI Á MILLI)

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

HM í fóbíu

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla hefst í Katar eftir sautján daga, en undirbúningur þess hefur kostað mörg þúsund erlenda verkamenn lífið, enda hafa vinnuskilyrðin verið langt undir þeim öryggisviðmiðum sem þykja sjálfsögð í Evrópu.

Engu að síður hafa forkólfar heimsknattspyrnunnar geð í sér til að blása til glæsilegustu fótboltaveislu síðari áratuga í þessu landi afturhalds sem ber enga virðingu fyrir mannslífum og mannréttindum.

Mannvirðingu og umburðarlyndi skal um stundarsakir vera komið fyrir í skugganum af glæsilegum íþróttamannvirkjum sem kosta allt að þrjátíu milljarða króna, sem nemur líklega fjórföldum samanlögðum kostnaði við öll heimsmeistaramótin hingað til.

Það er raunalegt að vinsælustu íþróttagrein í heimi skuli vera valinn staður í ofbeldisríki af því tagi sem Katar er. Það er skammarlegt að knattspyrnuforystan í heiminum verðlauni stjórnvöld í landi sem er uppfullt af eitruðum fordómum – og eiga enga samleið með þeim lýðræðisþjóðum sem trúa á skoðanafrelsi og jafnrétti.

Í tilviki heimamanna liggur dauðarefsing við samkynhneigð. Hinsegin fólk sem ferðast til þessa lands getur átt yfir höfði sér sjö ára fangelsi ef það verður uppvíst að kynhneigð sinni. Öll kyntjáning á götum úti er bönnuð.

Meira að segja gagnkynhneigt fólk, sem á að heita það eina rétta samkvæmt kreddutrúnni í landinu, má hvorki sýna ástúð á almannafæri né deila hótelherbergi ef það er ógift. Og konur sem koma til landsins verða að gjöra svo vel að hylja axlir sínar og klæðast síðum pilsum svo þær misbjóði ekki heimamönnum.

Á næstu vikum ætlar heimsbyggðin að gefa afslátt af þeim mannréttindum sem barist hefur verið fyrir með kjafti og klóm í svo að segja mannsaldur. Á öllum þeim fótboltadögum sem fram undan eru munu stórir hópar í frjálsum samfélögum þessarar jarðar vera áminntir um það að á tyllidögum helstu og ríkustu íþróttagreinar mannkyns er allt í lagi að loka augunum fyrir harðsvíruðustu tegund af hinseginfóbíu sem þekkist á þessari heimskringlu okkar.

Hvað hefðu íslensk knattspyrnuyfirvöld gert ef Heimsmeistaramóti kvenna í knattspyrnu hefði verið valinn staður í Katar? Hefðu þau skilið lesbíurnar í liðinu eftir heima?

Og hvað gerist í Katar næstu daga? Frægt er þegar Megan Rapinoe hljóp upp í stúku á síðasta HM kvenna og kyssti konuna sína eftir leik. Er von til þess að eitthvað sambærilegt gerist á HM karla í Katar? ■

> Hinsegin fólk sem ferðast til þessa lands getur átt yfir höfði sér sjö ára fangelsi ef það verður uppvíst að kynhneigð sinni.

Halldór

Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Stjörnuleikur í Danaveldi
Fréttamaður frá RÚV hefur staðið vaktina fyrir ríkismiðilinn í Danmörku svo eftir hefur verið tekið og um hefur verið rætt. Hefur hann mætt með sixpensara á höfði og forsíður dönsku blaðanna og frætt landsmenn um að Danir mæti á kjörstað þegar þeir eru opnaðir en þegar kjörstöðum sé lokað sé ekki lengur hægt að kjósa. Sagt frá útgönguspám og sýnt dönskukunnáttu. Jafnvel fundið Íslending sem mátti kjósa. Þá hefur hann reynt að útskýra í beinni útsendingu hvað gerist nú, sem er sígild spurning við þessar aðstæður. Stjarna er fædd.

Krónur og aurar
Einkareknir fjölmiðlar á Íslandi fá ekki milljarða í forgjöf eins og RÚV og þurfa að passa sína aura, að maður tali nú ekki um heilu krónurnar. RÚV er ekki í þeirri stöðu og getur sent fólk utan eins og það vill. Jafnvel þótt engin ástæða sé til. Stofnunin hefur fylgst með flestum kosningum með útsendara á staðnum til að taka púlsinn á fólkinu. Jafnvel þó að það tali ekki tungumálið. Þau hafa sent fólk til Frakklands í ár til að taka viðtöl á ensku. Og nú á að senda vinnuflokk á HM í Katar þar sem Ísland er alls ekki að taka þátt. ■

Komdu fagnandi!

Guðlaugur Þór Þórðarson
ráðherra og frambjóðandi til formanns Sjálfstæðisflokksins

Nú göngum við Sjálfstæðisfólk senn til kosninga um formann og annað forystufólk í Sjálfstæðisflokknum á landsfundi um næstu helgi.

Við alla þá sem trúa á frelsi einstaklingsins, jöfn tækifæri, að verðleika og framtak skuli verðlauna en um leið skuli okkar minnstu bræðrum og systrum hjálpað til sjálfshjálpar vil ég segja: Við viljum fá þig í starfið, við viljum eiga við þig samtal og við viljum sannfæra þig um að Sjálfstæðisflokkurinn sé flokkurinn fyrir þig.

Ég lofa því stoltur, að þetta mun verða leiðarstefið í öllum mínum störfum nái ég kjöri sem formaður á landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Þjóðinni vegnar vel þegar grunngildin vísa veginn
Þjóðinni hefur vegnað vel þegar grunngildi Sjálfstæðisflokksins hafa fengið að vísa veginn áfram.

Við sem deilum þessari lífssýn höfum langtum meira sem sameinar okkur heldur en sundrar. Það er mitt einlæga markmið að opna flokkinn, leiða saman ólík sjónarhorn sem byggja þó oft á sömu gildunum og blása Sjálfstæðisfólki aftur von í brjóst um að bjartir tímar séu fram undan.

Mín sýn er að Sjálfstæðisflokkurinn verði á ný fjöldahreyfing okkar sem deilum sameiginlegum gildum þó að okkur kunni að greina á í einstökum málum.

> Þjóðinni hefur vegnað vel þegar grunngildi Sjálfstæðisflokksins hafa fengið að vísa veginn áfram.

Verum óhrædd, látum vaða
Stjórnmálaflokkar eru ekkert annað en fólkið sem er í þeim og þess vegna skora ég á þig, sem hefur verið að velta fyrir þér að sækja fund, heyra í kjörnum fulltrúa okkar eða með öðrum hætti hafa samband, að láta slag standa.

Sömuleiðis skora ég á allt Sjálfstæðisfólk sem langar og vill tala máli sjálfstæðisstefnunnar á kaffistofunni, fjölskylduboðum eða öðrum samkomum að láta vaða.

Við höfum ekkert að óttast, við höfum góðan málstað að verja og við megum vera stolt af þeirri lífssýn sem við höfum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Frá skattborgurum til eldri borgara

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók á dögunum þá einstæðu ákvörðun að flytja skuldbindingar ríkissjóðs frá framtíðar skattborgurum til framtíðar eldri borgara.

Um er að ræða átján ára gamla áhættu vegna ríkisábyrgðar á útlánum Íbúðalánasjóðs, sem nú heitir ÍL-sjóður. Hrunið jók á vandann og síðan hefur verið aukið við hann með reglulegu millibili, þar á meðal af núverandi ríkisstjórn.

Freistandi er að meta þessa stóru aðgerð út frá algengum pólitískum viðmiðum.

Hver var aðdragandi og undirbúningur aðgerðarinnar? Hvernig standast rökin? Hvar liggur aðgerðin á skalanum frá hægri til vinstri? Og á hvaða siðferðilega grunni byggir hún?

Undirbúningurinn

Vandinn hefur verið skýr frá því að skýrsla um stöðu sjóðsins var birt 2013. Frá þeim tíma hafa ríkisstjórnir vanrækt að mestu þá afdráttarlausu árlegu lagaskyldu að gera tillögur um að koma jafnvægi á fjárhag ríkisábyrgðarsjóðs.

Allt fram á síðasta ár hafa að auki verið teknar ákvarðanir, sem hafa þyngt ríkisábyrgðarvandann.

Viðræðutilboði ríkisstjórnarinnar til lífeyrissjóða fylgdi sú ákvörðun að niðurstaðan yrði ákveðin með lögum ef ekki semdist. Þetta gæti verið nauðung, sem leiðir til ógildingar samninga. Ekki er að sjá að lögfræðileg athugun hafi farið fram á þessu áhættuatriði.

Álitaefni er hvort stjórnarmenn lífeyrissjóða gerist sekir um umboðssvik semji þeir um atriði, sem leiða til skerðinga á lífeyrisréttindum. Ekki er að sjá að þessi lagalega óvissa hafi verið könnuð.

Niðurstaðan sýnir níu ára samfelld frávik frá ábyrgri fjármálastjórn og allsendis ófullnægjandi mat á alvarlegum lögfræðilegum álitaefnum.

Rökin

Helstu rökin fyrir aðgerðinni eru þau að spara eigi 150 milljarða króna. Ríkisstjórnin ætlar eldri borgurum að borga brúsann fyrir skattborgara. Það er yfirfærsla á skuldbindingum en ekki sparnaður.

Önnur rök eru þau að heimilt sé að víkja stjórnarskrárvörðum eignarréttindum til hliðar með vísan í neyðarlögin frá 2008. Ríkisstjórnin fellir þessi rök sjálf með því að afneita með öllu að neyðarástand ríki.

Þá færir ríkisstjórnin fram þau rök að aðgerðin hafi verið nauðsynleg af því að hún vilji ekki binda framtíðarkynslóðum bagga. Þessi rök standast ekki af þeirri einföldu ástæðu að aðgerðin felur í sér að baggarnir eru fluttir frá framtíðar skattborgurum til framtíðar eldri borgara.

Niðurstaðan er sú að því fer fjarri að röksemdafærslan standist þær kröfur, sem eðlilegt er að gera til ríkisstjórnar.

Vinstri og hægri

Þótt eignarrétturinn fari ekki lengur fyrir brjóstið á öðrum en hörðustu sósíalistum er afstaða til hans enn helsta viðmið um það hvort menn liggja til vinstri eða hægri í pólitík.

Aðgerðin er reist á þeirri hugsun að víkja megi eignarrétti einstaklinga til hliðar að geðþótta til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.

Afstaðan til möguleika sjálfstæðrar millistéttar til sparnaðar og fjárhagslegrar fyrirhyggju er annað viðmið í þessu samhengi. Þetta borgaralega markmið víkur fyrir þörfum ríkissjóðs.

Niðurstaðan er sú að aðgerðin liggur að þessu leyti verulega langt til vinstri.

Siðfræði og sanngirni

Þrátt fyrir framansagt getum við hugsað okkur að aðgerðin standist bæði almenn lög og stjórnarskrárvernd eignarréttinda. En þá er spurningin: Væri hún að gefnum þeim forsendum sanngjörn og siðferðilega réttmæt?

Hver er munurinn á ábyrgð skattborgara og eldri borgara? Eldri borgarar eru færri og bera því þyngri bagga hver og einn. Réttindi þeirra skerðast hlutfallslega jafnt. Skattborgararnir eru fleiri. Þeir tekjulægri borga hlutfallslega minna og fyrirtækin bera sína bagga.

Að þessu virtu er ljóst að meiri sanngirni felst í því að skattborgarar greiði fyrir þessar vanrækslusyndir en eldri borgarar.

Aðgerðin víkur því með afgerandi hætti frá almennum siðferðilegum hugmyndum um réttlæti.

Ábyrg fjármálastjórn

Lög um ríkisábyrgðir kveða á um að ríkisstjórn beri að gera árlega tillögu um aðgerðir til að koma jafnvægi á fjárhag ríkisábyrgðasjóðs ef nauðsyn krefur.

Þó að þetta hafi að miklu leyti verið vanrækt í níu ár er réttast að byggja ábyrga fjármálastjórn áfram á eðlilegri og réttlátri hugsun gildandi laga. Engin rök standa til að breyta þeirri leikreglu.

Hitt á ekkert skylt við ábyrgð að færa vandann yfir á eldri borgara. ■

For-réttindi – Við eigum öll jafnan rétt til sjálfstæðs lífs

Unnur H. Jóhannsdóttir
blaðamaður

Réttindi eru mikilvæg fötluðu fólki og þegar forskeytinu for er skeytt fyrir framan orðið réttindi breytist orðið skemmtilega og getur virkað bæði jákvætt og neikvætt en þá er það skýrt sem réttur umfram aðra. Í orðabók er réttur skilgreindur sem eitthvað sem einhverjum ber með réttu (að lögum, samningi eða hefð) og fær í kjölfarið til þess réttindi. Orðið forréttindi er hins vegar skýrt sem réttindi umfram aðra.

Í aldanna og áranna rás hafa réttindi ólíkra hópa í samfélaginu verið mismunandi, þetta á til dæmis við um fólk með mismunandi litaraft, mismunandi trúarbrögð, fatlað fólk og ófatlað.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) er alþjóðlegur mannréttindasamningur sem ætlað er að verja og efla réttindi og virðingu fatlaðs fólks. Aðildarríki viðurkenna að fatlað fólk hefur ekki hlotið sömu tækifæri og réttindi til jafns við aðra, og ber að vinna að þeim.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn árið 2007, fullgiltu hann 2016 en hafa enn ekki lögfest hann. Alþingi samþykkti vorið 2019 þingsályktunartillögu sextán þingmanna um að ríkisstjórninni yrði falið að undirbúa lögfestingu SRFF og að frumvarpið skuli lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 13. desember 2020. Það varð hins vegar ekki að veruleika en lögfesting samningsins myndi tryggja að fatlað fólk á Íslandi gæti byggt rétt sinn á samningnum með beinum hætti. Það yrði mikil réttarbót.

Í örfáum tilvikum eru birtingarmyndir í menningunni jákvæðar og kallast á við forréttindi. Í goðafræði, en það voru trúarbrögð norrænna og germanskra manna, fórnaði Óðinn, sem var æðsti guðinn, öðru auga til að njóta þeirra forréttinda að fá visku í staðinn. Nafn hans samanstendur af liðunum óð og inn, þar sem fyrri hlutinn táknar vit og sál, jafnvel orku og lífskraft.

Annað dæmi, sem þó er tvíbent að taka fyrir, þar sem fötlun er álitin forréttindi, er hin geysivinsæla kvikmynd Forrest Gump. Þar virðist samnefnd aðalsöguhetja vera heppin með eindæmum. Á það að öllu jöfnu við um fatlað fólk? Langflestir myndu svara því neitandi. Gump virðist vera seinfær og það er tilviljunum háð hvernig ævi hans þróast þó gæfurík sé. Höfundar láta þó söguhetjuna sýna tilfinningar, gleði og sorg – auk þess sem þetta er þroskasaga. Sem dæmi um staðalímyndir af fólki með þroskahömlun er að það sé alltaf glaðlynt, sem er vitaskuld rangt.

> Enn er þó langt í land og í samningi Sameinuðu þjóðanna er áréttað að fatlað fólk sé eftir sem áður hindrað í að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra og stendur frammi fyrir því að mannréttindi þess eru brotin alls staðar í heiminum.

Tom Hanks fór með hlutverk Gump en aðeins 3% fatlaðra leikara fá hlutverk í sjónvarpi og kvikmyndum, jafnvel þótt hlutverkið eigi að túlka veruleika fatlaðs fólks. Ófatlað fólk fær frekar hlutverkin og það þó fatlað fólk sé um 15% mannkyns. Sem dæmi um jákvæða þróun má þó nefna þættina Með okkar augum, sem fólk með þroskahömlun stýrir.

Enn er þó langt í land og í samningi Sameinuðu þjóðanna er áréttað að fatlað fólk sé eftir sem áður „hindrað í að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra og stendur frammi fyrir því að mannréttindi þess eru brotin alls staðar í heiminum.“ Með lögfestingu samningsins öðlast fatlað fólk sjálfsögð réttindi – ekki forréttindi heldur réttindi til jafns við aðra. ■

AMERÍSKA GOÐSÖGNIN

Saga Harley-Davidson-mótorhjóla á Íslandi frá 1917 til okkar daga.

Ómissandi bók fyrir allt áhugafólk um vélhjól og bíla.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

Konukvö

Blómavals í Skútuvogi kl. 17-22 í kvöld

30% afsláttur
af öllum vörum

Vörukynningar

• Blush • Bottega • Nói Síríus • Weleda • Woodwick • Somersby • Ostakynning

Blush kynnir Reset vörurnar og jóladagatalið - Bottega 0,0% freyðivín og Somersby víngos frá Ölgerðinni - Pralín súkkulaði og Jólakonfekt frá Nóa Siríus - Ostakynning frá MS - Celebrations Jóladagatöl frá SS - Blómavalsstúlkur sýna listir sínar í skreytingum - Weleda húðvörur Woodwick ilmkerti - Petmark gæludýravörur - Hekla Íslandi kynnir jólalínuna Ráðgjöf í Frost seríum og jólaljósum - Sonett hreinsivörur og kynning á MUNA heilsuvörum og margt fleira sem kemur á óvart.

Happdrætti

Happdrætti Konukvöldsins er veglegt að vanda og fjöldi vinninga:
Hótel Selfoss gisting í 2 nætur og Spa - Hekla Íslandi kerti - Hárblásarar frá Rafha Sonett gjafakörfur, ilmolíulampar og olíur - Woodwick ilmkerti - Celebrations konfektflöskur Gjafabréf frá Blómavali - Nói Siríus gjafapokar og konfektkassar og margt, margt fleira.

Gjafapokar

Allir sem versla fá gjafapoka á meðan birgðir endast
Blómaval - Nói Síríus - Ölgerðin - Halldór Jónsson - IcePharma - Weleda

Íspinnar í boði frá Kjörís meðan birgðir endast. Ölgerðin gefur drykki.
Myndakassi og drykkir frá Rent a Party. Heitt súkkulaði frá Nóa Síríus.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN · FROST · Celebrations · Halldór Jónsson · Nói Síríus · WoodWick · hekla íslandi · sonett · WELEDA Since 1921 · Ölgerðin · blush · Rent a Party

öld
Allir velkomnir
Viltu vinna
75.000kr
gjafabréf?
skráðu þig á facebook
viðburðinn
blómaval
Allar jólavörurnar og seríurnar komnar

Norska leiðin getur skapað þjóðarsátt í auðlindamálum

Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og dýraverndarsinni

Nýlega skrifaði ég grein í blaðið, „Norska leiðin í auðlindamálum“. Þar fjallaði ég um þá ákvörðun ríkisstjórnar Noregs, að taka afnotagjald, auðlindagjald, af fiskeldisfyrirtækjum fyrir afnot þeirra af hafinu, fjörðum landsins, frá næstu áramótum.

Nýr póll tekinn í hæðina

Hér er eiginlega um nýja stefnumörkun að ræða, nýr póll tekinn í hæðina, þar sem þau grunnverðmæti, sem felast í hafi, landi og lofti, eru endanlega skilgreind sem sameign þjóðar, og, að þeir einstaklingar eða þau fyrirtæki, sem nýta sér þessa sameign, í rekstrs- og hagnaðarskyni, skuli greiða leigu eða afnotagjald, auðlindagjald, fyrir.

Þetta samræmist viðteknum viðskiptaháttum, en leiga eða greiðsla fyrir afnot er auðvitað viðtekin regla í samskiptum og viðskiptum manna.

Umhverfið eyrnamerkt þjóðinni og verðlagt

Þetta er líka spor í þá átt, að eyrnamerkja umhverfið og opna augu manna fyrir verðmætum þess og eignarrétti almennings á því.

Hingað til hafa margir litið svo á, að nýta mætti umhverfið, sem ekki er í séreign, hér hafið, eins og enginn ætti það, eða þá, að menn eignuðu sér það sjálfir við notkun. Slíkum viðhorfum er hér endanlega hafnað.

Umfang og eðli auðlindagjaldsins – blómleg byggð

150 fyrirtæki stunda fiskeldi í fjörðum Noregs. Mörg þeirra eru fremur lítil, en eru þó mikilvæg fyrir atvinnulíf síns byggðarlags. Ríkisstjórn Noregs vill ekki raska því byggðajafnvægi, sem greinin skapar, og ákvað því að beina auðlindagjaldtökunni eingöngu að stærstu fyrirtækjunum.

Þessi fyrirtæki eru um fjórðungur greinarinnar.

Auðlindagjaldið verður reiknað á hagnað fiskeldisfyrirtækis, eftir greiðslu reglulegs tekjuskatts, sem öll fyrirtæki greiða, á þann hátt, að 20% þess hreina hagnaðar, sem eftir stendur, renna til sveitarfélagsins, sem fyrirtækið starfar í, og 20% til ríkisins, þannig, að eigendur/hluthafar fyrirtækjanna halda 60%.

Auðlindagjaldið mun skila norskum sveitarfélögum, þar sem starfsemin fer fram, 25 milljörðum ísl. króna 2023 og norska ríkinu sömu fjárhæð, alls 50 milljörðum.

Augljóst er, að þessar viðbótartekjur sveitarfélaganna munu stórauka getu þeirra til uppbyggingar innviða og bættrar þjónustu við íbúa sína; tryggja blómlegt mannlíf um dreifðar byggðir landsins.

Brýnt að stjórnvöld hér bregðist við – bætt kaupsýsla

Mörg norsk fiskeldisfyrirtæki eru nú þegar komin með rekstur sinn til Íslands. Hér virðast þau geta komið sér fyrir án nokkurra eða mikilla greiðslna leyfa eða gjalda.

Í Noregi er það hins vegar svo, að auk auðlindagjaldsins af hagnaði, frá 1. janúar, er rekstursaðstaða til fiskeldis boðin út, rekstursleyfin seld hæstbjóðendum, og fær ríkið stórfé fyrir.

Leyfi eru boðin út á tveggja ára fresti. Á dögunum voru seld ný leyfi fyrir 24.644 tonnum MTB, og fékk norska ríkið um 50 milljarða ísl. króna fyrir. 2020 fékk norska ríkið 90 milljarða fyrir þau rekstursleyfi, sem þá voru seld.

Í Noregi greiða fiskeldisfyrirtæki, sem sagt, fyrst fyrir rekstursleyfi og svo bætast 40% af rekstrshagnaði, sem afnota- eða auðlindagjald, við.

Ef sá skilningur minn er réttur, að hér kosti rekstursleyfi til fiskeldis lítið sem ekkert, er því ekki nema von, að Norðmenn flykkist hingað.

Þetta er þá um leið vísbending um ótrúlegan sofandahátt íslenzkra stjórnvalda. Þar virðist vanta nokkuð upp á nauðsynlegt kaupsýslu- og peningavit.



> Augljóst er, að þessar viðbótartekjur sveitarfélaganna munu stórauka getu þeirra til uppbyggingar innviða og bættrar þjónustu við íbúa sína; tryggja blómlegt mannlíf um dreifðar byggðir landsins.

Er því bráðbrýnt, að íslenzk stjórnvöld átti sig á þessari stöðu og bregðist fljótt og rétt við! Það viðbragð getur í raun aðeins verið, að samræma íslenzkar reglur um greiðslu fyrir rekstursleyfi, á grundvelli útboðs, svo og innleiðingu sama auðlindagjalds fyrir fiskeldi hér og verður í Noregi.

Afnot sjávarútvegsins af fiskimiðunum

Íslenzk sjávarútvegsfyrirtæki hafa haft mikinn hagnað af sínum fiskveiðum, fiskverkun og fisksölu. Var hagnaður þeirra 11 stærstu 2021 um 60 milljarðar króna, og hafa þau byggt upp eigiðfé upp á 400 milljarða króna.

Búið er að þrefa og þjarka mikið um sanngjarnt auðlindagjald, sem sjávarútvegurinn skuli greiða þjóðinni, en um það hefur engin sátt náðst. Síðasta auðlindagjaldið, sem undirritaður veit um, fyrir árið 2020, nam 4,8 milljörðum. Í heildarsamhengi rétt upp í nös á ketti.

Væri norska leiðin grundvöllur fyrir þjóðarsátt?

Væri ekki ráð, að fylgja fordæmi frænda okkar í Noregi og innleiða hér leigugjald, afnotagjald, af okkar sameiginlegu íslenzku fiskimiðum – auðlindagjald – sem næmi 20% af árlegum hagnaði fyrir sveitarfélög, 20% fyrir ríkið og eigendur/hluthafar fyrirtækjanna héldu 60%!?

Með þessum hætti hefðu sveitarfélög fengið 12 milljarða fyrir árið 2021 og ríkið aðra 12 milljarða. Fyrir árið 2020 hefði auðlindagjaldið reyndar verið minna en helmingur af þessu, vegna þess, að þá var afkoma sjávarútvegsfyrirtækja mun lakari, en, það er einmitt málið; með þessum hætti væru hagsmunir útgerðar og þjóðar þeir sömu, við öll með samtengda hagsmuni. Öll í sama báti. ■

Sjálfstæðisflokkurinn er aðili að ríkisstjórninni

Ísak Einar Rúnarsson
landsfundarfulltrúi í Garðabæ

Miðað við umræðu í fjölmiðlum síðustu daga mætti ætla að svo sé ekki.

Hver fjölmiðillinn á fætur öðrum hefur ritað fréttaskýringu eða fengið prófessor í viðtal til að útskýra fyrir okkur Sjálfstæðisfólki að núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins eigi persónulega aðild að ríkisstjórninni og að forystufólk samstarfsflokkanna muni að líkindum slíta ríkisstjórninni verði hann ekki áfram í brúnni. Þetta er fjarstæðukenndur málflutningur. Enginn einn maður er stærri en flokkurinn og það er flokkurinn sem á aðild að stjórnarsamstarfinu.

Það er auðvitað ekkert sem bendir til þess að forystufólk Framsóknar og Vinstri grænna ætli raunverulega að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu verði nýr formaður kjörinn á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um helgina. Þau hafa starfað lengi og vel með Guðlaugi Þór líkt og með Bjarna Benediktssyni. Mig rekur meira að segja minni til þess að bæði Katrín og Sigurður Ingi hafi flutt Guðlaugi glimrandi lofræður í fimmtugsafmæli hans fyrir örfáum árum. Ekki bendir það til þess að traust skorti milli þessara stjórnmálamanna. Hitt er svo að það er ófrávíkjanlega okkar, Sjálfstæðisfólks, og engra annarra að ákveða hver leiðir flokkinn. Stuðningsfólk annarra flokka myndi svo sannarlega ekki taka því af léttvægni ef ráðherrar Sjálfstæðisflokksins væru að skipta sér af innri málefnum samstarfsflokka Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn. Við Sjálfstæðisfólk eigum aldrei að líða slík afskipti af starfi okkar flokks. Þetta veit Katrín Jakobsdóttir og hefur gefið það skýrt til kynna að hún hafi ekki í hyggju nein afskipti af landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

> Hitt er svo að það er ófrávíkjanlega okkar, Sjálfstæðisfólks, og engra annarra að ákveða hver leiðir flokkinn.

Formaður Sjálfstæðisflokksins á að veljast út frá þeim eiginleikum sem hann býr yfir, m.a. leiðtogahæfni, tengslum við grasrótina og möguleikum hans á að styrkja stöðu flokksins. Það skiptir auðvitað máli að forystufólk hafi hæfileika til að ná trausti og trúnaði ólíks fólks, innan sem utan þingsins, þar er Guðlaugur Þór síst veikari fyrir á svellinu en Bjarni Benediktsson.

Á sunnudaginn kemur er mikilvægt að við sjálfstæðisfólk kjósum okkur leiðtogann sem við viljum, ekki leiðtogann sem andstæðingar okkar í stjórnmálum vilja að við sættum okkur við. Við megum ekki láta óttann grípa okkur, heldur kjósa þann sem líklegastur er til að leiða flokkinn til sigurs. Við þurfum að kjósa Guðlaug Þór sem nýjan formann Sjálfstæðisflokksins. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 3. nóvember 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Skærir litir hafa verið áberandi í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Skærir haustlitir

sandragudrun@frettabladid.is

Dæmigerðir haustlitir í fatatískunni eru sinnepsgulur, rauður, mosagrænn og brúnn. En samkvæmt, Vogue er það ekki raunin í haust. Á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í vor var mikið um litagleði og skærir litir voru áberandi. Þar mátti sjá allt frá appelsínugulum og skærgrænum fötum til hefðbundnari haustlita. Tískuspekúlantarnir hjá Vogue segja að þó að tískan fæðist á sýningarpöllunum lifni hún ekki við fyrr en hún sést á götum úti. Það er spurning hvort skærir haustlitir hafi skilað sér til Íslands í ár eða hvort fólk haldi sig við hefðbundnari haustliti, eða svartan klæðnað sem virðist vera einkennislitur Íslendinga þegar kólna fer í veðri.

Danir leggja línurnar

Sæblár litur hefur einnig verið að ryðja sér til rúms á tískupöllunum undanfarin misseri og er farinn að sjást í götutískunni í Kaupmannahöfn og víðar. Áhrifavaldar í höfuðstað Danmerkur hafa látið sjá sig í bláum fötum frá toppi til táar við ýmis tækifæri núna í haust og hefur það smitað út frá sér til almennings. Sama má segja um appelsínugulan lit og skærgrænan. Þessir litir hafa allir ratað frá tískupöllunum til almennings. Það væri gaman ef Íslendingar tækju Danina sér til fyrirmyndar og klæddust björtum litum á dimmum haust- og vetrardögum. ■

Skáldið Ragnheiður Harpa segir fátt jafnast á við falleg föt úr góðum efnum. Fötin segir hún vera eitt tjáningarform af fjölmörgum sem okkur standa til boða og vera einstakan spegil inn í sálarlífið. Hún er sammála Sigurði Pálssyni um að það sé mikilvægt fyrir sjálfið að klæða sig á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Moldin í fataskápnum speglar moldina í sköpuninni

Ragnheiður Harpa Leifsdóttir er einn af meðlimum Svikaskálda og hefur bæði í samvinnu við þær og sjálf gefið út fjölda ljóðabóka og skáldverka. Hún kann að meta falleg föt úr góðum efnum og vekur ávallt athygli fyrir einstaklega fallegan og ljóðrænan fatastíl. 2

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

„Mér finnst mjög gaman að klæða mig í falleg föt og finnst mikilvægt að þau séu úr góðum efnum. Ég held að mamma hafi þar haft áhrif á mig, því þegar við systkinin vorum yngri vildi mamma alls ekki að okkur væru gefin föt úr gerviefnum. Ég hef því lært að elska falleg föt og góð efni frá unga aldri. Þegar ég kaupi föt sæki ég í notað, því hér áður fyrr voru flíkur almennt úr betri efnum. Það getur verið vandi að finna ný föt í dag úr góðum efnum og oftast eru þau mjög dýr," segir Ragnheiður Harpa.

„Verslunin What Magna Wore á Freyjugötunni er ein af uppáhalds second hand-búðunum mínum. Ég elska að gramsa þar og kaupa mér eitthvað fallegt. Magna var hjúkrunarkona og dáleiðandi en líklega þekktust fyrir að vera rosaleg fatakona. Það hafa meira að segja verið gefnar út bækur um fötin hennar. Hún er líka með vinnustofu í búðinni þar sem hún skapar ýmislegt fallegt.

Amma mín laumar líka til mín fallegum flíkum hér og þar en hún er kannski einn af mínum helstu fatagúrúum. Svo finnst mér æðislegt að fara í Hringekjuna í Borgartúni en þar eru margar flottar konur að selja svo falleg föt af sér. Það er líka mjög margt spennandi að gerast í íslenskri fatahönnun og finnst mér skemmtilegt að fylgjast með því."

Elskar að klæða mömmubumbu

Ragnheiður Harpa segir fatastíl sinn hafa breyst töluvert eftir að hún varð móðir, en hún á tvö ung börn með maka sínum. „Í dag snýst fatastíllinn minn um gæði og föt sem þarf ekki að klæða upp heldur verða strax falleg. Það hafa líka orðið breytingar hjá mér í því hvernig ég klæði líkamann. Áður en ég eignaðist börn var ég alltaf tággrönn og þurfti ekki að pæla jafn mikið. Núna hugsa ég meira um hvernig ég geti klætt þessa fallegu mömmubumbu sem mér þykir svo óskaplega vænt um.

Ég klæðist mikið silkiskyrtum og flauelspilsum. Núna er ég til dæmis í silkibuxum frá merkinu Silk Basics sem systir mín Rakel Mjöll stofnaði í Covid og hannar undir. Ég er mikið í fötum frá henni og tek eftir því að ég sæki meira í einlitar flíkur heldur en mynstraðar. Það auðveldar mér að para saman flíkur og láta þær vinna saman á ýmsan hátt. Þetta er hæfileg blanda af praktík og fegurð, og þó maður sé nú orðið ætíð með barn á arminum, kann ég vel að meta að vera í einhverju fallegu."

Föt og vellíðan

„Ég elska ull og silki, en silkið hefur þann undraverða eiginleika að vera hlýtt þegar það er kalt og kælandi þegar það er heitt. Að mínu mati eru föt hluti af tjáningu mannsins og spila stórt hlutverk í því að láta þér líða vel. Stórskáldið Sigurður Pálsson sagðist alltaf hafa farið í föt á morgnana, jafnvel þótt hann væri veikur, því það skipti svo miklu máli að vera í fötum sem manni liði vel í og þætti falleg.

Ég á auðvitað líka fallega kjóla sem ég elska að klæða mig í fyrir ýmis tilefni og viðburði. Flestir eru líka einlitir og margir koma frá verslun Mögnu. Einnig nota ég mikið silkikjólana frá Silk Basics – en þá er hægt að nota jafnt á balli og sem náttföt. Ætli það kjarni ekki svolítið stílinn minn. Fötin mín eru einföld, falleg, praktísk, úr góðum efnum og gætu mörg hver allt eins verið náttföt," segir Ragnheiður Harpa og hlær. „Svo elska ég fallegar kápur og fallegar húfur, en það er oftast aðalflíkin manns á veturna. Ég er mjög mikið úti á gangi með barnavagninn og elska að klæða mig upp í fallegar útiflíkur."

> Ætli það kjarni ekki svolítið stílinn minn. Fötin mín eru einföld, falleg, praktísk, úr góðum efnum og gætu mörg hver allt eins verið náttföt.
>
> Ragnheiður

Ragnheiður Harpa er mjög hrifin af silki og notar mikið úr Silk Basics-línunni sem systir hennar hannar. Þá er hún hrifin af einlitum fötum sem henni þykir gaman að para saman á ólíkan hátt.

Ullin ásamt silkinu er það efni sem Ragnheiður Harpa heldur mest upp á. Hún hefur líka yndi af fallegum kápum og útiflíkum og á veturna eru þær aðalflíkurnar og fá að skína skært.

Ragnheiður Harpa á dágott safn af fallegum ullarkápum og húfum sem gera henni kleift að klæða kuldann af sér á einstaklega glæsilegan máta.

Skapandi staður til að vera á

Ragnheiður Harpa segir skrifin ávallt hafa verið ákveðna miðju í sinni sköpun, hvort sem það er í ritlistarmiðlinum, leikhúsinu eða öðru sem hún tekur sér fyrir hendur. „Öll list sprettur upp af sama stað og svo kemur að því að verkið sjálft ákveður hvaða form það vill taka á sig. Ég las mikið sem barn og það var líka mikið lesið fyrir mig og ég kláraði snemma allar ævintýrasögurnar á bókasafninu. Við systkinin fjögur vorum líka dugleg við að búa til leikrit og sögur.

Ég ólst upp í Bandaríkjunum í spænskumælandi fylki og er enn í dag nokkuð ringluð í tungumálunum. Ég lærði að skrifa seint og þegar ég kom heim til Íslands kom ég sem gestur inn í móðurmálið. Það er í raun mjög skapandi staður að vera á og það hefur reynst mér vel að búa yfir þessu gestsauga.

Þegar ég var tvítug fór ég í sviðslistanám og eftir það fór ég í ritlistina og fann þar hópinn minn og samhljóminn. Skrifin hafa alltaf verið miðja fyrir mig og ljóðið verið leið fyrir mig til þess að finna út hvað ég er að gera og hvers vegna.

Undanfarið hef ég mest verið að skrifa en það tengist því að ég er með tvö lítil börn og tímarammanum sem það veitir mér. Ég fæ glefsur af tíma hér og þar til að vera með sjálfri mér sem ég nýti til að skapa og þá getur verið erfitt að skipuleggja til dæmis leikhús með öðru fólki. En það er hægt að skrifa. Það er viðráðanlegur miðill sem hægt er að leggja frá sér og taka upp aftur þegar tími gefst."

Gróðurinn í manneskjunni

Ragnheiður Harpa gaf út ljóðabókina Urðarfléttu í síðustu viku. Bókin inniheldur prósatexta sem fjalla allir um manneskjuna og náttúrulegt eðli hennar. „Ég er að æfa mig í að segja frá henni enda er ég enn þá að kynnast henni sjálf. Margir textar í bókinni fjalla um það að stíga inn í eða út úr foreldrahlutverkinu og að finna þannig fyrir ættboganum aftur í ættir, að finnast maður vera hluti af einhverju stærra. Ég fann það mjög sterkt þegar ég var ólétt að ég væri dýr. Mér fannst ég á vissan hátt vera að stíga út úr mannleikanum og verða hluti af náttúrunni og á einhverja skrítna vegu fannst mér ég líka vera eins og mold, sem upp vex af gróður. Þetta er það sem bókin fjallar um fyrir mér, það hvernig gróðurinn og náttúran birtist í manneskjunni. Í mörgum textum kemur líka fram hvernig hið persónulega speglast í heiminum stóra og öfugt.

Jurtir tákna eins konar ástand eða tilfinningar og flétturnar mynda þar einhvern kjarna sem tengir mann við náttúruna. Þetta tekur á sig ýmsar myndir. Í einum textanum vex eggaldin úr koki konu sem glímir við kvíða. Í öðrum kljáist ljóðmælandi við ótta og það hjálpar honum að hugsa um fíkjur og hvernig tréð fléttast.

Það er gaman að segja frá því að þegar ég skoða fataskápinn minn, þá sé ég moldina í verkinu. Þar er mjög mikið brúnt og það hefur verið mikil haustlitastemning hjá mér í nokkur ár. Það er áhugavert að sjá hvernig maður fer í gegnum tímabil í lífinu, kaflaskiptingu þess og hvernig það birtist svo í sköpunarverkunum manns," segir Ragnheiður Harpa að lokum. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ZHENZI Paloma shiffon skyrtukjóll
Fæst líka í grænu
Stærðir 42-56
Verð 11.990 kr

ZE ZE Juan glimmer golla
Fæst líka í rauðu
Stærðir 38-48
Verð 8.990 kr

YESTA Ankaria tunika
Fleiri litir og mynstur til
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

YEST/YESTA Skyrtutunika
Stærðir 38-56
Verð 9.980 kr

SUNDAY Rea kragabolur
Fæst í 12 litum
Stærðir 38-52
Verð 8.980 kr

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic Que

GOZZIP Edith skyrtukjóll
Stærðir 38-56
Verð 18.980 kr

STUDIO Tanja tunika
Stærðir 38-56
Verð 12.980 kr

STUDIO Evelyn glimmerkjóll
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr

GOZZIP Linea hneppt prjónapeysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-56
Verð 21.980 kr

SANDGAARD Amsterdam stuttermab.
Fæst í mörgum litum
Stærðir 36-54
Verð 3.980

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris HABELLA Jana

ZHENZI Jazzy stretchbuxur
Fleiri litir til
Stærðir 42-58
Verð 7.990 kr

ZHENZI STEP buxur
Fleiri litir til
Stærðir 42-52
Verð 10.990 kr

YIWU Beanie fóðruð húfa með skyggni
Margir litir til
Verð 4.990 kr

Lára seðlaveski með símahulstri
Fæst í fleiri litum
Verð 7.990 kr

JANA fóðraðir ökklaskór með rennilás
Stærðir 38-42
Verð 14.990 kr

TAMARIS inniskór
Fleiri litir til. Stærðir 37-42
Verð 9.990 kr

LASESSOR Bobbie ullarhanskar með semelíusteinum
Fást líka í steingráu
Verð 3.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Skapar nýja sögu í listaheiminum

Söngkonan Taylor Swift sem er 32 ára hefur breyst úr því að vera kántrí-söngkona í heimsfræga poppstjörnu með yfir 60 milljónir hlustenda á Spotify og heimsmet á vinsældalistum heimsins.

elin@frettabladid.is

Taylor Swift er fyrsti tónlistarmaður sögunnar sem nær því að eiga öll lögin í tíu efstu sætum bandaríska smáskífulistans. Þar tekur hún fram úr Drake sem átti fyrra metið en þar á undan voru það Bítlarnir sem áttu átta af tíu vinsælustu lögunum árið 1964. Taylor er að koma inn á plötumarkaðinn eins og stormsveipur eftir tveggja ára hlé. Hún nýtti sér samfélagsmiðla eins og Instagram og TikTok til að byggja upp spenning fyrir útkomu plötunnar sem tókst með eindæmum vel. Aðdáendur hennar eru kallaðir „Swifties“.

Það er nýja breiðskífan, Midnights, sem hefur náð þessum gríðarlegu vinsældum. Aðdáendur biðu einmitt mjög spenntir eftir því að platan kæmi á markað í október. Stjarna Taylor hefur risið hratt að undanförnu en hún gaf út sína fyrstu hljómplötu aðeins 16 ára. Á sama tíma hefur listamaðurinn prófað ýmsar tónlistarstefnur auk þess sem fatastíll hennar hefur verið fjölbreyttur. Þannig hefur hún tengt saman tónlist og klæðaburð. Rauður varalitur er eitt af sérkennum hennar.

Í viðtali sem tekið var við hana í Teen Vogue segist Taylor ekki hafa verið mjög smekkleg í klæðavali á menntaskólaárunum. Hún nefnir þó ógleymanleg dress, kjól frá Oscar de la Renta sem hún klæddist á Met Gala árið 2014. Hún segir að gamaldags klassískt útlit henti sér vel og hún lítur meðal annars til Audrey Hepburn til að fá innblástur. Þá finnst henni skemmtilegt að blanda saman ólíkum fatastílum. Þegar Vogue spurði hvað væri í mestu uppáhaldi, svaraði hún: „Flíkur með háu mitti.“

Hafði áhuga á kántrí

Taylor fæddist í West Reading í Pennsylvaníu í desember 1989. Hún flutti til Nashville aðeins fjórtán ára með fjölskyldu sinni til að láta drauma um að verða kántrí-söngkona rætast. Árið 2004 skrifaði hún undir samning við Sony/ATV Music Publishing og Big Machine Records árið 2005. Hún hefur selt yfir 200 milljónir platna á heimsvísu og er í flokki þeirra mest seldu í heiminum. Hún hefur hlotið ellefu Grammy-verðlaun ásamt fjölda annarra verðlauna og viðurkenninga. Hún hefur verið á lista Rolling Stone yfir 100 bestu textahöfunda heims. Swift hefur verið einlægur talsmaður fyrir réttindum listamanna og valdeflingu kvenna. Tónlist hennar er sögð hafa haft áhrif á tónsköpun margra söngvara og lagahöfunda. Sjálf var hún nefnd eftir söngvaskáldinu James Taylor.

Taylor Swift er að slá öll heimsmet og hefur selt flestar hljómplötur allra tónlistarmanna í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Taylor Swift fékk heiðursdoktorsnafnbót við háskólann í New York í maí.

Heiðruð í New York-háskóla

Í maí á þessu ári fékk Taylor heiðursdoktorsnafnbót við New York-háskóla fyrir framlag hennar til lista. Það er mikill heiður og Taylor flutti áhrifamikla ræðu sem þúsundir útskriftarnema fögnuðu ákaft. Sjálf er hún ekki háskólagengin.

Nýja platan, Midnights, toppaði eigið met Taylor Swift sem hún sló fyrir fimm árum með Reputation og hún er að skipuleggja risastórt tónleikaferðalag í fyrsta skipti í fimm ár næsta vor sem nefnist The Eras Tour. Fyrir fimm árum náði Reputation sölumeti í Bandaríkjunum í hefðbundinni plötusölu með 1,216 milljónum eintaka seldum. Midnights toppaði þetta met á aðeins fjórum dögum.

Rauði varaliturinn hefur lengi verið sérkenni Taylor Swift.

Inn og út af samfélagsmiðlum

Með nýju plötunni kom Taylor sterk inn í samfélagsmiðlana en kannski muna einhverjir eftir því þegar hún lenti í deilum við Kim Kardashian og Kanye West árið 2016 með þeim afleiðingum að hún hætti að koma fram opinberlega og fór í frí á samfélagsmiðlum. Fjarvera hennar var mikið áfall fyrir aðdáendur sem höfðu fylgst með henni. Deilur Taylor og Kanye eru sagðar ná allt aftur til ársins 2009 þegar hún var á sviði á MTV Video Music Awards að taka á móti verðlaunum fyrir myndband sitt You Belong with Me. Þegar Taylor var að þakka fyrir sig stökk Kanye West upp á sviðið, greip hljóðnemann og sagði að það væri Beyoncé sem ætti besta myndband allra tíma. Deilur þeirra undu upp á sig og standa trúlega enn.

Viðvera Swift á samfélagsmiðlum minnkaði einnig áður en Reputation kom út en þá eyddi hún öllum færslum sínum á samfélagsmiðlum. En hún er komin á fullt aftur og er sögð ótrúlega klár markaðsmaður. Meðfram plötunni setti Taylor á markað vörulínu eins og hettupeysur og mismunandi litar vínylplötur sem safnarar þurfa örugglega að eignast. Á útgáfudegi plötunnar seldust 500 þúsund eintök en það er þrisvar sinnum meira en platan Harry's House með Harry Styles seldist alla fyrstu vikuna í sölu.

Vínylplötur hafa verið mjög vinsælar en talað er um að konur séu 34% kaupanda þeirra en 55% aðdáenda söngkonunnar eru konur á aldrinum 13–34 ára. Taylor hefur náð einstaklega góðum árangri í að tjá sig í gegnum ýmsar tegundir af lagasmíðum, hún er sögumaður sem jafnframt er skapandi listamaður. ■

Taylor hefur fengið óteljandi verðlaun og viðurkenningar á ferli sínum sem hófst þegar hún var sextán ára.

ESTĒE LAUDER

20% afsláttur af öllum Estée Lauder vörum 3. - 6. nóvember í Lyfjum & heilsu Kringlunni og Glerártorgi Akureyri.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 12.900 kr. eða meira*

*meðan birgðir endast

Lyf & heilsa

Vel klæddar körfuboltastjörnur

Lífsstílstímaritið GQ tók nýlega saman lista yfir þá leikmenn NBA-deildarinnar sem þykja skara fram úr í klæðaburði.

starri@frettabladid.is

NBA-deildin í körfubolta hófst um miðjan októbermánuð og hefur spennan sjaldan verið meiri enda deildin óvenju jöfn þennan veturinn. Eins og með fleira íþróttafólk fylgist tískupressa heimsins með klæðaburði körfuboltastjarnanna en margir leikmenn deildarinnar eru þekktir fyrir afar litfagran og skrautlegan fatastíl. Nýlega tók lífsstílstímaritið GQ saman lista yfir þá leikmenn deildarinnar sem þykja búa yfir svalasta fatastílnum. Lítum á nokkra leikmenn af listanum. ■

Russell Westbrook, leikmaður Los Angeles Lakers, hefur lengi verið einn skrautlegasti leikmaður deildarinnar þegar kemur að klæðaburði og ekki síst skærum litum. Hér er hann á tískuvikunni í sumar.



Jordan Clarkson hefur leikið með Utah Jazz undanfarin ár. Hann er óhræddur við að klæða sig með fjölbreyttum hætti og þykir jafn flottur í „baggy grunge“ fötum eða pilsum og flestu þar á milli.

P.J. Tucker er fjórði elsti leikmaður deildarinnar en þó meðal þeirra svalari þegar kemur að klæðaburði. Hann safnar íþróttaskóm og á um 5.000 pör.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Jayson Tatum er ekki bara skærasta stjarna gamla stórveldisins Boston Celtics heldur líka best klæddi leikmaður liðsins að flestra mati.

Shai Gilgeous-Alexander, leikmaður Oklahoma City Thunder, þykir hafa mjög frjóan fatastíl og er óhræddur við að blanda saman ólíkum stílum.

Jalen Green, leikmaður Houston Rockets, átti ekki bara gott tímabil innan vallar á sínu fyrsta ári heldur vakti klæðaburður hans líka athygli.

FRÍ
heimsending þegar verslað er fyrir **7.000,-** eða meira í vefverslun

GJAFALEIKUR Á ZIKZAKVERSLUN.IS
Minnum á að allir sem panta í vefverslun til 20.nóv geta átt möguleika á að fá pöntunina **endur-greidda!**

NÝ SENDING AF SPARIFATNAÐI!

Kringlan - ZIKZAKVERSLUN.IS

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

NÝ vefverslun
Fáðu sent samdægurs eða daginn eftir með **DROPP** eða **póstinum**

KJÓLL
12.990,-
st. 42-56

KJÓLL
10.990,-
st. 42-56

BLÚSSA
8.990,-
st. 42-56

Túnika
8.990,-
st.42-56

BLÚSSA
8.990,-
st. 42-56

TÚNIKA
10.990,-
st. 42-56

KJÓLL
10.990,-
st. 42-56

KJÓLL
7.990,-
st. S-XXXL

KJÓLL
9.990,-
st. S-XXXL

KJÓLL
7.990,-
st. S-XXXL

KJÓLL MEÐ UNDIRKJÓL
9.990,-
st. S-XXXL

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Ford Transit Custom Edition Trend. 4/2018 ekinn aðeins 61 þús. km. Stór skjár í mælaborði með bakkmyndavél ofl. Kemur frá góðum vinnustað þar sem hugsað var vel um gripinn. Verð 3.950.000 án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Garðyrkja

SMÍÐA/VIÐGERÐAVINNA
Tökum að okkur alla helstu smíða og viðgerðarvinnu innandyra. Setja upp milliveggi, hurðir, eldhúsinnréttingar, parketlagnir o.s.frv. Einnig töku við að okkur alla malningavinnu. Góð verð, góð þjónusta. Samband í síma 5395098 eða a mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Innimálning
Parketlagnir
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti
runarmur@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir herb. með góðri aðstöðu á stór Reykjavíkursv. Uppl. í s. 779 4046.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FORVAL/ÚTBOÐ

TILKYNNING UM FYRIRHUGAÐ FORVAL/ÚTBOÐ

21756: Ríkiskaup fyrir hönd utanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasvið vekja athygli á auglýsingu bandarískra yfirvalda um fyrirhugað forval/útboð á byggingaframkvæmdum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu þurfa m.a. að uppfylla skilyrði fyrir útgáfu öryggisvottunar og skilyrði reglna sem gilda um aðgang að öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Hæfiskröfum er lýst í útboðsgögnum.

Bandarísk stjórnvöld munu einungis semja við íslensk og/eða bandarísk fyrirtæki. Aðeins fyrirtæki sem hafa skráð sig í gagnagrunn bandarískra yfirvalda á www.sam.gov geta tekið þátt í útboðsferlinu.

Nánar tiltekið er um að ræða verkefni nr.: P-20001 Deployable Airbase Systems (DABS) - Facilities, Equipment and Vehicles (FEV)DABS-FEV Storage Area.
Um er að ræða verkframkvæmdir við byggingu vöruhúsa og tengd verkefni á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Almennar upplýsingar
Allar nánari upplýsingar um ferlið og útboðsskilmála verða birtar á ensku gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Nánari upplýsingar má finna á www.utbodsvefur.is.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár
hagvangur.is
HAGVANGUR

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir raf-hlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

gott cbd.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ískúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Ennþá meira úrval af listavörum

AMSTERDAM dream × create
van Gogh
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS

Listverslun.is

Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

2017 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Tveir risar í E-riðli en Japanir gætu valdið usla

17 DAGAR Í HM KARLA Í FÓTBOLTA

Ákall um að taka Heimsmeistaramótið í fótbolta af Katar bar engan árangur, aðbúnaður verkamanna, mannréttindabrot og annað hefur verið harðlega gagnrýnt og krafa verið uppi um að Katar fengi ekki að halda þetta stærsta íþróttamót í heimi. Mótið fer af stað eftir sautján daga og í E-riðli eru tveir risar mættir til leiks.

hoddi@frettabladid.is

Alvaro Morata, framherji Spánar, er umdeildur en fær alltaf traustið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Spánverjar koma brattir inn í Evrópumótið enda spilaði liðið frábæran fótbolta á Evrópumótinu síðasta sumar. Liðið er með marga unga og spennandi leikmenn sem hafa öðlast mikla reynslu síðustu 18 mánuði. Búist er við miklu af spænska liðinu undir stjórn Luis Enrique.

Eftir erfiða tíma í spænskum fótbolta hefur þjóðin trú á liði sínu sem fer til Katar.

„Ég er alltaf spenntur fyrir spænska liðinu fyrir stórmót, núna er kannski mesta spennan hjá þeim í kringum það hver verður í markinu. Þeir eru með marga mjög svipaða markmenn og þó margt benti til þess að Unai Simon verði þarna þá eru fleiri góðir kostir. Þetta er kannski ólíkt þeim spænsku liðum sem við þekkjum frá fyrri tíð þar sem mikið var um stjörnur, þetta er mikið af mörgum jafn góðum leikmönnum. Ég hef mestar áhyggjur af hjarta varnarinnar hjá þeim, þar hefur Pau Torres átt fast sæti en síðan hefur verið mikið rót í kringum hann og það á líka við um bakvarðarstöðurnar," segir Hrafnkell Freyr Ágústsson, sérfræðingur Fréttablaðsins, um Heimsmeistaramótið.

„Miðsvæðið er áhugavert en þar mun Luis Enrique eflaust skipta mínútum á milli Rodri hjá Manchester City og Sergio Busquets hjá Barcelona. Það er ljóst að Busquets getur ekki spilað svona þétt og það verður fróðlegt að sjá hver endar ofan á þegar líður á mótið. Þarna eru líka Pedri og Gavi sem eru að verða þekktar stærðir. Þá vantar að vera með framherja í stuði, auðvitað er Alvaro Morata frábær leikmaður. Hann fær alltaf gagnrýni en hann hefur spilað fyrir fjölda stórliða, það gerist ekki nema að gæði séu til staðar. Hann fór hins vegar illa með færin á Evrópumótinu í fyrra og þarf að gera betur þar. Ferran Torres er í miklu uppáhaldi hjá Enrique þrátt fyrir að vera aukaleikari í Barcelona. Það verður fróðlegt hvernig hann stillir upp sóknarlínunni."

Þýska stálið

Hansi Flick er undir pressu að koma þýska liðinu aftur í fremstu röð eftir mögur ár. Í Þýskalandi eru gerðar kröfur á árangur og þýska liðið gæti látið til skarar skríða í Katar. Nokkur kynslóðaskipti hafa átt sér stað í liðinu en Flick hefur þó haldið í reynslumikla menn. Spennandi verður að sjá hvernig Jamal Musiala tekst til en hann hefur verið frábær með FC Bayern undanfarið. „Ég sé alveg að þetta þýska lið geti farið langt ef allt smellur saman en ég á mjög erfitt með að sjá þá fara alla leið," segir Hrafnkell um þýska stálið.

„Þetta er lið í uppbyggingu eins og Spánn en þeir eru bara ekki komnir eins langt í henni. Nico Schlotterbeck og Niklas Süle hafa spilað mikið saman í Dortmund og það ætti að hjálpa varnarleik liðsins þar sem Antonio Rudiger er fyrir og er límið í þessu öllu saman. Bakvarðarstöðurnar hafa verið smá vandræði og þar hafa bæði kantmenn og miðjumenn þurft að hlaupa í skarðið. Það verður fróðlegt að sjá hvort Thomas Muller fái traustið í hópnum, Flick hefur aðeins verið að sækja í reynsluna sem Joachim Löw hafði hent á haugana. Hann mun eflaust ekki kalla til Jerome Boateng en hann gæti leitað í smá reynslu til að fá jafnvægi í hópinn. Sóknarlína liðsins er svo hriklega spennandi, þar erum við með Bayern-þríburana, Leroy Sana, Serge Gnabry og Jamal Musiala, til að búa til hluti. Timo Werner með þýska landsliðinu er svo allt önnur skepna en það sem við þekkjum frá Chelsea. Miðsvæðið er svo vel mannað þar sem Ilkay Gundogan og Joshua Kimmich ráða ríkjum."

> Sóknarlína liðsins er svo hrikalega spennandi, þar sem við erum með Bayern-þríburana.
>
> Hrafnkell Freyr Ágústsson

Ekki góðir kostir

Ekki eru margir góðir kostir í liði Kosta Ríka en Keylor Navas, markvörður PSG, er stjarna liðsins. Þarna má einnig finna Joel Campbell en hann var lengi vel í herbúðum Arsenal. Bryan Ruiz er svo fyrirliði liðsins en hann hefur átt flottan feril bæði í Hollandi og svo með Fulham. Báðir eru þó komnir yfir sitt besta skeið á ferlinum. „Bryan Ruiz virðist ódauðlegur, hann er með mikil gæði. Þetta er svo bara liðið hans Keylor Navas en annars er fátt um fína drætti. Ég hef enga trú á þessu liði," segir Hrafnkell.

Hrafnkell Freyr Ágústsson, sérfræðingur

Léttleikandi Japanir

Takehiro Tomiyasu, varnarmaður Arsenal, er leiðtoginn í liði Japan en liðið hefur marga leikmenn í Evrópu. Takumi Minamino, fyrrverandi leikmaður Liverpool, er svo stjarna liðsins en hann hefur í mörg ár gert vel í Evrópu en er nú í herbúðum Monaco. „Japanir hafa í mörg ár gert vel í Þýskalandi. Í vikunni sáum við bara Daichi Kamada með Frankfurt þar sem hann var hetja í Meistaradeildinni. Takefusa Kubo er öflugur þarna en hann var vonarstjarna og fór 18 ára til Real Madrid. Þar lenti hann í brekku en er nú að vakna til lífsins eftir að hafa verið seldur til Real Sociedad, hann er bara 21 árs. Minamino er skærasta stjarnan í þessu, hann er í stóru hlutverki hjá Monaco í ár eftir að hafa verið í vandræðum með spilatíma hjá Monaco.

Japan á alveg að horfa til þess að stríða Þýskalandi og Spáni, þeir gerðu vel á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi og við munum eftir frægum leik við Belgíu þar sem þeir voru agalegir klaufar. Þeir leika sér að Kosta Ríka og þá þarf bara einn sigur til viðbótar. Ég hef trú á að það gætu orðið óvænt úrslit í þessum riðli," segir sparkspekingur Fréttablaðsins. ■

Heimsmeistaramótið 2022: E-riðill

Leikjadagskrá — Innbyrðis viðureignir — Sigur / Jafnt. / Tap

	Kosta Ríka	Þýskaland	Japan
Spánn	23. nóv. 2 1 0	27. nóv. 8 8 9	1. des. 1 0 0
Japan	27. nóv. 4 1 0	23. nóv. 0 2 2	
Þýskaland	1. des. 1 0 0		

Leikmaður til að fylgjast með: Ferran Torres SPÁ

Heimild: FIFA Mynd: Getty © GRAPHIC NEWS

Utan vallar

Döpur umræða áhrifafólks í fótboltanum

Hörður Snævar Jónsson
hordur@frettabladid.is

Íslandsmóti karla í knattspyrnu er lokið en í fyrsta sinn í sögunni voru 27 leikir á lið. Fyrir tímabilið var ákveðið að lengja mótið og tvískipta deildinni eftir 22 umferðir. Lengi hefur verið kallað eftir fjölgun leikja í efstu deildum, bæði karla og kvenna. Karlarnir fóru af stað í ár og stefnt er að því að lengja mótið hjá konunum á allra næstu misserum.

Því miður fyrir þetta nýja fyrirkomulag var engin spenna á toppi deildarinnar þetta tímabilið, það hefði verið ákjósanlegt til að auglýsa ágæti deildarinnar. Það má þó halda því til haga að engin spenna hefði verið í 22 leikja móti enda voru yfirburðir Breiðabliks gríðarlegir allt frá upphafi móts.

Spennan var hins vegar mjög mikil á botni deildarinnar og það var ekki fyrr en í næstsíðustu umferð sem ljóst var að stórveldið FH væri ekki að falla úr deildinni, Leiknir féll úr deildinni í næstsíðustu umferð og ÍA féll svo úr deildinni á lokadegi mótsins þó að fyrir leik hafi verið ljóst að það yrðu örlögin. Þá var það ekki 100 prósent öruggt fyrr en á síðasta laugardag.

Um er að ræða vel heppnaða breytingu að mínu mati, auðvitað er ekki allt fullkomið í fyrstu tilraun en það er afskaplega dapurlegt að sjá hvernig áhrifafólk í fótboltanum reynir að tala mótið niður. Knattspyrnusamfélagið hefur ekki efni á því að tala eigin vöru niður, það er því dapurt að heyra og lesa þegar áhrifafólk innan leiksins fer ófögrum orðum um breytinguna. Notuð hafa verið stór lýsingarorð, margir röfla undan lengd tímabilsins en enginn leikmaður röflar þegar hann tekur við launum í 12 mánuði á ári.

> Til að íþróttin vaxi og dafni þurfa allir að róa í sömu átt.

Staðreynd málsins er nú einfaldlega sú að gríðarlegt launaskrið hefur verið í efstu deild karla síðustu ár og stærstur hluti leikmanna fær verulegar upphæðir greiddar í hverjum mánuði. Það er því hálf dapurt að kvarta undan því að þurfa að sinna vinnunni sómasamlega í sjö mánuði á ári. Íslensk félagslið hafa átt í vandræðum í Evrópu og eitthvað þurfti að gera. Fleiri leikir er augljós fyrsta breyting.

Ekki var allt fullkomið á fyrsta ári Bestu deildar karla, þá hluti þarf að laga en til að íþróttin vaxi og dafni þurfa allir að róa í sömu átt og tala fótboltann upp en ekki niður. ■

ÞANDAR TAUGAR



Dáin heimsveldi er spennuþrungin framtíðarsaga eftir Steinar Braga, einn fjölhæfasta höfund þjóðarinnar.



Leyniviðauki 4 eftir Óskar Magnússon er spennandi og ófyrirsjáanlegt sakamáladrama um breyska menn og óblíð örlög.

Þriðja bókin um hörkutólið Stefán Bjarnason verjanda.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | **www.forlagid.is**

Merkisatburðir

1660 Kötlugos hefst og því fylgja miklir jarðskjálftar og jökulhlaup.
1796 John Adams sigrar Thomas Jefferson í forsetakosningum í Bandaríkjunum.
1849 Bandaríski rithöfundurinn **Edgar Allan Poe sést** í síðasta sinn ofurölvi í skurði í Baltimore.



1868 Ulysses S. Grant er kjörinn forseti Bandaríkjanna.
1903 Danakonungur samþykkir ákvörðun danska þingsins um heimastjórn á Íslandi.
1952 Bretar sprengja kjarnorkusprengju og verða þriðja kjarnorkuveldið.
1961 Skemmtistaðurinn Glaumbær er opnaður í Reykjavík.
1990 Þýska alþýðulýðveldið lagt niður og sameinað Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Þjóðhátíðardagur Þjóðverja.
1995 O.J. Simpson sýknaður af ákæru um að hafa myrt Nicole Brown Simpson og Ronald Goldman.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Steinar Sigurður Guðjónsson

lést á Ljósheimum laugardaginn 29. október.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðlaug Elfa Guðveigsdóttir
Guðveigur Þórir Steinarsson
Hafdís Bára Steinarsdóttir **Bjarki Jónasson**
Sigurlaug Steinunn Steinarsd. **Kjartan Vignir Kjartansson**
Margrét Sigríður Steinarsdóttir
og fjölskyldur

†

Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

Mundína Ásdís Kristinsdóttir

sjúkraþjálfari,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 31. október.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. nóvember klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju.

María S. Ásgrímsdóttir **Kristinn Finnsson**
Þorgerður Kristinsdóttir **Bjarni Ragnarsson**
Anna María Kristinsdóttir **Friðrik Kjartansson**
Halldóra Margrét, Kristinn Már,
Guðmundur Ingi, María Björk, Kjartan Ingi,
Heba og Ása

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir, systir og amma,

Ingibjörg Erna Sveinsson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 24. október.
Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ í dag fimmtudaginn 3. nóvember klukkan 15.

Helgi Ólafur Ólafsson
Þórunn Helgadóttir **Arnór Viðar Baldursson**
Fanney Dagmar Helgadóttir
Helgi Freyr Helgason
Tómas Agnar Tómasson
Ólafur Helgi Grímsson
systkini og barnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á
timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055 .

Ragnheiður er nú þegar að vinna í handriti að fjórðu bók sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gleði og gremja þess að vera kvenkyns

Í þriðju ljóðabók sinni varpar Ragnheiður Lárusdóttir út pælingum sínum um hvernig það er að vera kona – og spendýr.

arnartomas@frettabladid.is

„Innblásturinn er nú aðallega bara mitt eigið kynferði," segir Ragnheiður Lárusdóttir sem sendi nýlega frá sér sína þriðju ljóðabók, Kona/Spendýr. „Þetta eru pælingar sem ég er búin að vera með alveg síðan ég var barn."

Ragnheiður minnist þess að sem prestsdóttir hafi hún til að mynda oft velt fyrir sér kynjahlutverkum undir messum föður síns.

„Þegar ég sat í kirkjunni hugsaði ég iðulega um föður, son og heilagan anda, og hvernig ég ætti að passa inn í það dæmi," segir hún. „Ég var hvergi þarna á blaði. Þetta er í eiginlega öllu sem maður gerir, alveg fram eftir öllum aldri. Maður er í rauninni frávik í samfélaginu fyrir það að vera kona."

Bókin Ósýnilegar konur var Ragnheiði hugðarefni en þar rannsakar Caroline Criado Perez rætur kynjamismunar.

„Þar kemur svo greinilega í ljós sönnun fyrir manns eigin pælingum í gegnum alla tíð," segir Ragnheiður. „Það er hvergi reiknað með konum, hvorki í öryggisútbúnaði bíla, í lyfjaframleiðslu, einkennisfatnaði eða öðru. Það er mikið af byrðum sem eru miðaðar við líkamsstyrk karla, verkfæri eru miðuð við handastærð karla og svo framvegis."

> **Stelpan**
>
> *Er stærri og sterkari en eldri bróðirinn mamma hennar er stærri en pabbinn amma hennar gerir allt á heimili sínu meðan afinn situr í stól og les dagblöð hún heyrir talað um veikara kynið og skilur ekki hvað átt er við*

Titill bókarinnar vísar einnig í dýrslegri hliðar þess að vera kona.

„Þetta er líka um það að vera spendýr, að fæða barn og mjólka," útskýrir hún. „Maður verður svolítil belja á bás þegar maður er óléttur."

Upplifunin sem Ragnheiður lýsir í bókinni er þó ekki öll neikvæð.

„Það er auðvitað alveg bráðskemmtilegt að vera kona, líka, og margt sem er ákveðin forréttindi," segir hún. „Ljóðin fjalla svolítið um þetta og líka þessar gráðugu hendur sem maður hefur lent í um ævina og þurfti að slíta og berja af sér og var ekki talað um af viti fyrr en fyrir áratug eða svo. Þetta var eitthvað sem konur áttu bara að þegja yfir og bera með sér."

> Maður er í rauninni frávik í samfélaginu fyrir það að vera kona.

Ragnheiður segist halda að allar konur séu með þessar pælingar.

„Það er svo spurning hvað þær gera með þær. Þetta er bæði ýmiss konar pirringur en líka sú ánægja sem fylgir því að vera kvenkyns."

Ragnheiður hefur áður gefið frá sér bókina 1900 og eitthvað sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og tilnefningu til Maístjörnunnar. Síðast sendi hún frá sér bókina Glerflísaklið sem hún orti meðal annars sem ákveðið uppgjör við móður sína sem lést úr alzheimer. Í dag vinnur Ragnheiður að handriti sem hún kallar Veður í æðum.

„Ég er ekki komin mjög langt með það en þar er ég að skoða áhrif umhverfisins á okkur og manninn í náttúrunni," segir hún. ■

Draugurinn Reyri og akureyrska óhljóðið

arnartomas@frettabladid.is

Tónlistarfélag Akureyrar stendur fyrir fjölskyldusýningunni Sögur af draugnum Reyra sunnudaginn 6. nóvember í Hamraborg í Hofi. Þar fylgja gestir draugnum Reyra sem hittir löngu látin tónskáld og kynnist þeim og tónlist þeirra. Þar verður frumflutt lagið Akureyrardraugurinn eftir Daníel Þorsteinsson sem byggir á óhljóði sem var að æra Akureyringa sumarið 2020.

„Þetta er eiginlega viðamesta verkefni sem ég veit af hjá Tónlistarfélaginu, að minnsta kosti í minni stjórnartíð," segir Ásdís Arnardóttir, formaður félagsins. „Fyrir utan klassísku tónlistina sem við höfum verið að bjóða höfum við lagt mikla áherslu á dagskrá sem höfðar til barna. Þetta er að mér finnst stórglæsileg sýning og margir sem að henni koma – barnakór, dansarar, leikarar, blásarakvintett og fleira."

Ásdís leggur mikið upp úr því að sýningin fari sem best fram en um er að ræða lokaverkefni hennar hjá félaginu þar sem ný stjórn hefur tekið við taumunum.

„Öll svona stjórnarvinna er auðvitað unnin í sjálfboðavinnu en ég verð reyndar áfram varamaður," segir hún. „Ég vildi ekki skilja við félagið nema ég vissi að það væri gott fólk sem tæki við enda vill maður auðvitað að það sé einhver sem hefur ástríðu fyrir starfinu."

Sýningin á sunnudag hefst klukkan 17 og miðasala fer fram á mak.is og tix.is. ■

Ásdís Arnardóttir er formaður Tónlistarfélags Akureyrar.

Bakað úr því besta

Eitt Sett Sörur

Fjöldi 60 kökur

1. Takið smjörið útúr ísskáp svo það nái að mýkjast fyrir skref 4.
2. Byrjið á því að útbúa kremið.
3. Þeytið eggjarauður í hrærivél þar til blandan er orðin létt og ljós. Hitið vatn og sykur í potti í um 3 mínútur eða þar til sykurinn hefur náð að leysast upp í vatninu. Hellið sykurvatninu saman við eggjarauðurnar í mjórri bunu og hrærið rólega á meðan. Þeytið þar til blandan er loftmikil og nánast hvít að lit.
4. Bræðið Eitt Sett súkkulaðið. Hellið því næst súkkulaðibráðinni saman við eggjablönduna í mjórri bunu og hrærið rólega á meðan. Stoppið reglulega og skafið hliðar skálarinnar með sleikju svo allt blandist vel saman. Skerið mjúka smjörið í litla bita og þeytið það saman við.
5. Geymið kremið inni í ísskáp í um klukkutíma eða á meðan verið er að útbúa botnana.
6. Kveikið á ofninum og stillið á 175°C, yfir- og undirhita.
7. Setjið eggjahvítur í skál ásamt salti, þeytið þar til blandan freyðir og bætið þá sykrinum út í. Þeytið þar til stífir toppar myndast.
8. Blandið saman flórsykri og möndlumjöli. Bætið út í eggjahvítublönduna og blandið varlega saman við með sleikju.
9. Hellið deiginu ofan í sprautupoka með hringlaga stút.
10. Sprautið á smjörpappírsklæddar ofnplötur þannig að hver kaka sé u.þ.b. 4 cm í þvermál, passið að hafa allavega 2-3 cm bil á milli þeirra svo að þær klessist ekki saman í bakstri. Bakið í u.þ.b. 12 mín. Leyfið kökunum að kólna.
11. Smyrjið kremi á hverja köku svo það sé kúpt í miðjunni en þynnist út að köntunum. Kælið kökurnar í stutta stund.
12. Bræðið loks Barón súkkulaði yfir vatnsbaði og hjúpið hverja köku með því að dýfa kreminu ofan í súkkulaðið. Hér er tilvalið að dunda sér við að tempra súkkulaðið en ekki nauðsynlegt.
13. Leggið kökurnar á grind á meðan súkkulaðið storknar.

Hráefni

Krem

3 eggjarauður
100 g vatn
100 g sykur
300 g Eitt Sett rjómasúkkulaði
100 g smjör við stofuhita

Botnar

3 eggjahvítur
⅓ tsk. salt
50 g sykur
200 g flórsykur
200 g möndlumjöl

Hjúpur

400 g 56% Sírius Barón súkkulaði

cocoa HORIZONS | NÓI SÍRÍUS

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Grænn iðnaður Umræðuþáttur um áskoranir og tækifæri fyrirtækja í iðnaði samhliða áherslum í umhverfismálum. Umsjón: Guðmundur Gunnarsson.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2015-2016 Skagafjörður og Ísafjörður.
14.45 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
16.05 Eldað með Ebbu
16.45 Siggi Sigurjóns
17.30 Landinn
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Listaninja
18.29 Sögur - stuttmyndir Dularfulla hálsmenið.
18.38 Tilfinningalíf Leiði.
18.41 Matargat Mexíkóveisla.
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins GDRN - Hvað ef.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Íslensku menntaverðlaunin 2022 Afhending Íslensku menntaverðlaunanna á Bessastöðum, þar sem verðlaunað er fyrir framúrskarandi skólastarf, menntaumbætur og þróunarverkefni.
20.40 Okkar á milli
21.10 Haltu mér, slepptu mér Cold Feet
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin Chicago PD Leikin þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Aðalhlutverk: Jason Beghe, Jon Seda og Jesse Lee Soffer. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
23.05 Framúrskarandi vinkona My Brilliant Friend III
00.05 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.00 Dr. Phil
12.40 The Late Late Show
13.25 Love Island Australia
14.30 Bachelor in Paradise
15.45 The Block
17.00 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island Australia
20.10 Elska Noreg Vinkonurnar Rakel Garðars og Nína Dögg fara í ferðalag um Noreg en þar ólst Rakel upp. Tilgangur ferðalagsins er að svara einni spurningu. Er Noregur besta land í heimi?
20.50 The Resident
21.40 The Thing About Pam Renée Zellweger leikur aðalhlutverkið í þessari mögnuðu þáttaröð sem byggð er á sönnum atburðum.
22.30 Walker
23.15 The Late Late Show
00.00 Love Island Australia
00.50 Law and Order. Special Victims Unit
01.35 Chicago Med
03.05 Yellowstone
03.05 Halo Þáttaröð sem byggð er á frægum tölvuleik.
03.55 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 Cold Case
10.05 Shrill
10.30 Britain's Got Talent
11.55 Skítamix
12.25 Nágrannar
12.45 Making It
13.30 Family Law
14.10 30 Rock
14.35 Curb Your Enthusiasm
15.10 Ultimate Veg Jamie
16.00 Magpie Murders
16.45 Grand Designs. Australia
17.35 Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Temptation Island
19.50 Camp Getaway
20.35 Rutherford Falls
21.00 La Brea
21.45 Chucky
22.35 Real Time With Bill Maher
23.30 Chapelwaite
00.20 A Teacher
00.40 The Sandhamn Murders
02.10 The Mentalist
02.55 Cold Case
03.35 Curb Your Enthusiasm

Séra Hjálmar Jónsson í Mannamáli kvöldsins

Það gengur á með lausavísum í Mannamáli í kvöld þegar séra Hjálmar Jónsson sest gegnt Sigmundi Erni, en hagyrðingurinn sá arna kann býsnin öll af stökunum og hefur samið þær sjálfur í hundraðavís. Klerkurinn hefur komið víða við, var um tíma þingmaður, en Drottinn Guð almáttugur hafði vinninginn þegar staða Dómkirkjuprests var auglýst um aldamótin. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 feyskinn
5 skilaboð
6 vafi
8 ógæfa
10 í röð
11 stjaka
12 aflraun
13 heiður
15 bikkja
17 pirraður

LÓÐRÉTT
1 mótast
2 málmur
3 svelg
4 hafna
7 djarfar
9 not
12 ker
14 gruna
16 í röð

LÁRÉTT: 1 fjúinn, 5 orð, 6 ef, 8 raunir, 10 mn, 11 ýta, 12 átak, 13 sómi, 15 trunta, 17 argur.
LÓÐRÉTT: 1 formast, 2 úran, 3 lú, 4 neita, 7 frakkar, 9 nýting, 12 amur, 14 óra, 16 tu.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Wesley So (2.774) átti leik gegn Hjörvari Steini Grétarssyni (2.533) á HM í Fischer-slembiskák

19. Hxa6+! 1-0. Svartur er mát eftir **19...Kxa6 (19....bxza6 20 Dc7#). 20. Ha1+ Kb5 21. Dd3 Kb4 22. Dc4#**). Mikið um að vera í íslensku skáklífi næstu vikur. Vakin er athygli á Bikarsyrpu TR sem fram fer um helgina.

www.skak.is: HM öldungasveita.

Sudoku

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



GRÆN FRAMTÍÐ

Ár grænnar iðnbyltingar 2022

FIMMTUDAGA KL. 20.00

OG AFTUR KL. 22.00

Sjónvarpsþáttaröð um fyrirtæki í iðnaði og hvernig þau nálgast markmið um kolefnishlutlaust Ísland.

Guðmundur Gunnarsson er umsjónarmaður þáttanna.

HRINGBRAUT

Listin sem breytti lífi mínu

Pétur Ben tónlistarmaður segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hans, laginu Ebony and Ivory með Paul McCartney og Stevie Wonder.

„Þegar maður er sjö ára þá veit maður ekkert hver maður er eða hvað maður vill gera. Ég eignaðist vasadiskó sem ég held mögulega að ég hafi fengið þegar ég þurfti að vera á spítala nokkrum árum áður. Það var ekki endilega mikið af tónlist keypt á heimilinu en mamma hlustaði á ABBA og Billy Joel."

Pétur segir fjölskyldunni svo hafa borist hvalreki þegar þau fengu að eiga kassettur vinar foreldra hans.

„Ég fór í gegnum kassetturnar, fann þessa kassettu og varð svona ástfanginn af þessu lagi, Ebony and Ivory. Ég held að það hafi haft bara alveg djúpstæð áhrif á mig. Ég hafði ekki hugmynd um hvað hvorki ebony né ivory þýddi. Það hefur örugglega einhver útskýrt fyrir mér hvað þetta þýddi, annars vegar nóturnar á píanóinu og hins vegar væri þetta líka vísun í einhvers konar kynþáttaerjur. Tilraun til að slökkva einhverja elda og græða sár. Mér finnst þetta bara mjög fallegt lag enn þann dag í dag. Það er eflaust hægt að segja að þetta sé einhvers konar naíf hugsun en mér finnst það ekki, mér finnst það bara fallegt.

Ég er með einhverja minningu af því að ganga um hverfið um kvöld og hlusta á þetta lag í heyrnartólum og uppgötva þá í leiðinni þennan hljóðræna heim. Að vera í einhverri svona hljóðs-væru. Þetta var mikil opinberun á margan hátt." ■

Minningar sem bera ávöxt

Sunna Dís Másdóttir hefur sent frá sér sína fyrstu ljóðabók, Plómur. Bókin fjallar um endurminningar, sambönd og nýjar upplifanir en í henni tekst Sunna á við tímabil sem hún upplifði sem unglingur þegar hún bjó í Svíþjóð.

ragnarjon@frettabladid.is

Sunna Dís Másdóttir rithöfundur skoðar gamlar minningar í fyrstu ljóðabók sinni, Plómur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrátt fyrir að Plómur sé fyrsta ljóðabók Sunnu Dísar er hún langt frá því að vera byrjendahöfundur þar sem hún hefur áður tekið þátt í þremur ljóðabókum og skáldsögunni Olíu með ljóðakollektívinu Svikaskáldum sem var meðal annars tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2021.

Um viðfangsefni bókarinnar segir hún að minningar frá fyrri tíð séu helsti innblásturinn. „Ég flutti sem sagt til Svíþjóðar þegar ég var fimmtán ára og byrjaði í sænskum menntaskóla tveimur vikum síðar, alveg ótalandi, og bjó síðan þar úti í fjögur ár.

Þetta eru ljóð sem eiga sér fyrirmyndir úr gömlum dagbókum frá mér," segir Sunna Dís sem hitti blaðamann í Gröndalshúsi í Grjótaþorpinu en þar er aðsetur Svikaskálda.

Að mati Sunnu Dísar er bókin ferðalag aftur í tímann og tilraun til þess að endurvekja þessa dvöl sem hafði mikil áhrif á á hana.

„Kjarninn í þessari bók er samband við vinkonu sem var svo erfitt að skilgreina á sínum tíma. Þegar maður er unglingur og að fóta sig í nýju landi og nýju tungumáli og nýrri vináttu og nýjum samböndum. Ég er í raun ekki enn viss um það hvernig ég myndi skilgreina þetta samband en þessi ljóðabók er kannski tilraun til þess að takast á við það," segir hún.

Ungar en stórar tilfinningar

Tíminn sem Sunna Dís tekst á við er tími sem margir lesendur ættu að kannast við úr eigin lífi. Þegar hver dagur virðist byrja og enda heila ævi og stórar tilfinningar geta flækst fyrir skilningi manns á veröldinni.

„Mig langaði að fara alveg inn í unglingadramatíkina með þessari bók," segir Sunnar Dís sem á í samræðu við sitt fyrra sjálf í bókinni. „Þetta eru svo miklar og stórar tilfinningar og það er allt svo ofboðslega viðkvæmt á þessum tíma og mér finnst svo mikil fegurð í því. Þannig langaði mig ekki bara að yrkja um þennan tíma og þessar upplifanir frá mínum sjónarhóli núna tuttugu árum seinna. Mig langaði frekar að fara beint inn í kvikuna þar sem allt er bæði það besta sem getur komið fyrir þig og hrikalega þrúgandi um leið. Það er svo frjór staður til að vera á."

> Þetta eru svo miklar og stórar tilfinningar og það er allt svo ofboðslega viðkvæmt á þessum tíma og mér finnst svo mikil fegurð í því.
>
> Sunna Dís Másdóttir

Sjálfsprottin náttúra

Frjósemi er stór partur af bókinni en ljóðin eru mörg hver uppfull af náttúru sem sprettur og hverfist um ljóðmælandann og teiknar upp sterkar myndir af umhverfinu. Sunna Dís segir að náttúran í bókinni sé að vissu leyti sjálfsprottin.

„Bókin kom bara þannig til mín," segir hún. „Þetta er efni sem ég er búin að bera með mér lengi og hafði í raun aldrei almennilega fundið leiðina að því eða hvað ég vildi gera við það. Fyrsta ljóðið sem ég skrifaði heitir Mold þar sem hrúga af plómum er að rotna. Það varð inngangurinn að þessu öllu saman. Stundum bíður maður bara eftir einhverjum glugga sem opnast."

Sunna Dís segir að náttúran hafi þannig læðst inn um þennan opna glugga. „Þegar hún var komin þá fann ég að þetta var umhverfið sem ég vildi vera í," segir hún.

„Því það að flytja á milli landa, jafnvel þó að það sé ekki meira framandi staður en Skandinavía, stækkar og víkkar heiminn svo mikið. Að kynnast nýjum hlutum. Eins og fyrsta skiptið sem ég sá eplatré í blóma þá stóð ég á öndinni. Ég hafði auðvitað séð myndir og teikningar af þeim og vissi að þau blómstruðu en þegar ég sá það átti ég í raun ekki til orð yfir hvað það var fallegt."

Skáldaðar minningar

Sunna Dís segir að fyrir henni sé skáldskapur langáhugaverðasta leiðin til að takast á við minningar eins og þessar.

„Ég las um daginn að þegar maður skrifar um minningar þá sé sannleikurinn í raun tilfinningin eða tryggðin við upplifun manneskjunnar sem var þá. Það er satt. Alveg sama hvort maður hafi gleymt einhverju nákvæmu um tímasetningar eða jafnvel að maður hafi upplifað eitthvað á allt annan hátt heldur en manneskjan sem maður var með á þeirri stundu. Mér finnst þetta svo mikill kjarni. Það er það sem ég er að vinna með í þessari bók." ■

Ástir og örlög um næstsíðustu aldamót

BÆKUR

Gratíana
Höfundur: Benný Sif Ísleifsdóttir
Útgefandi: Mál og menning
Fjöldi síðna: 351

Brynhildur Björnsdóttir

Benný Sif Ísleifsdóttir heillaði lesendur með skáldsögunni Hansdætur sem kom út árið 2020 og lýsti lífsbaráttunni í vestfirsku sjávarþorpi kringum aldamótin 1900. Hún dró þar upp ljóslifandi myndir af harðri lífsbaráttu og grimmilegri misskiptingu í samfélagi sem ferðast mjög mishratt á vit framtíðar og aukinna lífsþæginda og skapaði eftirminnilegar persónur. Svo eftirminnilegar að fljótlega tóku að heyrast áköll um framhald, lesendur vildu vita meira um Hansdæturnar, einkum þó Gratíönu. Hér verður Benný við þeim ákköllum og Gratíana segir frá örlagaári í lífi samnefndrar persónu.

Við hittum Gratíönu aftur nokkrum árum eftir að fyrri bókinni lauk þar sem ekkert hefur þokast henni í vil. En örlögin grípa í taumana og fljótlega er Gratíana komin til Reykjavíkur og þaðan ferðast hún víða um land, hún situr hest í fyrsta sinn, lærir að synda, kynnist ástinni og fær að njóta þekkingar sinnar og greindar. Við kynnumst lífinu í myndarlegum torfbæjum, fínu hóteli í Reykjavík, kvennaskóla á Norðurlandi og kaupmannsheimili á Austurlandi, gerólíkum lifnaðarháttum í sama landi þar sem blandast saman hokur og híalín, grábrún fortíð og litrík framtíð.

> Bókin lýsir stórum örlögum og djúpum sorgum og minnir á íslensk bókmenntastórvirki frá því um miðbik síðustu aldar.
>
> Brynhildur Björnsdóttir

Misskipting og forneskja

Lýsingarnar á lífinu annars vegar í torfbæ og hins vegar á fínu hóteli í Reykjavík eða ríkmannlegu kaupmannsheimili úti á landi eru heillandi og sláandi, á innbúi, lifnaðarháttum og daglegu lífi sem draga upp sterka mynd af íslensku samfélagi fyrir 120 árum, misskiptingunni, forneskjunni sem leið hægt undir lok við hlið nútímans sem æðir áfram. Þetta kristallast til dæmis í ólíkum aðbúnaði til að kasta af sér vatni og fleiru, annars vegar er boðið upp á flórinn í fjósinu og hins vegar vatnssalerni með öllu tilheyrandi og það er hressandi að þessi sjálfsagði hluti af daglegu lífi sé til umfjöllunar í sögulegri skáldsögu.

Konurnar eru sem fyrr aðalpersónurnar og eru einnig vel dregnar upp og heillandi, nema nálgunin við Sigurlaugu sem fær ekki skilning í sögunni sem kona í gríðarlega erfiðri lífsaðstöðu á þessum tíma sem þráir samneyti og ást eins og aðrir. Gratíana er líka venjulegri í þessari bók en hinni fyrri, hugsar meira um nýja kjóla og vonbiðla en verkalýðsbaráttu, ritstörf og kvenréttindi. Þó er gefið í skyn í bókarlok að hún muni taka upp þann þráð og því má alveg vonast eftir einni bók í viðbót um Gratíönu og fjölskyldu hennar úr Bótarbugtinni.

Enginn eftirbátur fyrri bókar

Bókin lýsir stórum örlögum og djúpum sorgum og minnir á íslensk bókmenntastórvirki frá því um miðbik síðustu aldar sem lýsa sömu tímum, eftir höfunda eins og Guðrúnu frá Lundi og Halldór Laxness. Fyrst og fremst er hún þó lipur aflestrar, framvindan spennandi og persónusköpunin heillandi.

Gratíana er sannarlega enginn eftirbátur fyrri bókarinnar og mjög ánægjulegt að endurnýja kynnin við bæði persónur og sögusvið sem er bæði svo nærri okkur og fjarri. ■

NIÐURSTAÐA: Afskaplega vel skrifuð og skemmtileg bók sem varpar lifandi ljósi á ástir og örlög kringum aldamótin næstsíðustu.

Tveir sérfræðingar

Verða í verslun okkar Skeifunni, 3.-5. nóvember

epal

Montana

FRITZ HANSEN

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / 5687733 / epal.is

20% afslátturr af Montana

Loksins Airwaves aftur og fullur kraftur

Iceland Airwaves, uppskeruhátíð tónlistarfólks, hefst í dag og er hátíðin haldin í 23. sinn, nú eftir tveggja ára hlé. Hægt er að nálgast fulla dagskrá hátíðarinnar á heimasíðunniicelandairwaves.is.

ninarichter@frettabladid.is

Þeir sem fram koma í ár

Alina Amuri, **Altin Gün**, Altre Di B, Alysha Brilla, Amyl & The Sniffers, Anti Paalanen, **Arlo Parks**, Árný Margrét, Arooj Aftab, Árstíðir, Atli Örvarsson, Axel Flóvent, Bríet, Yot Club, Brimheim, BSÍ, **Ceasetone**, Chiiild, Combos, Cosby, Countess Malaise, Crack Cloud, Daughters Of Reykjavík, Dr. Gunni, Elia Lombardini, Eliza Shaddad, Emmsjé Gauti, Emotional Oranges, Ensími, Eydís Evensen, Flott, Francis Of Delirium, Go_A, Greyskies, Gróa, Guðrið Hansdóttir, **Gugusar**, HAM, Inspector Spacetime, Janus Rasmussen, JFDR, JóiPé, Június Meyvant, Kaktus, Kamara, Klein, **Kóboykex**, Kristján Hrannar, Krummi, Kusk, Laufey, Lón, Luca Fogale, Lùisa, Magnús Jóhann, Marius DC, **Metronomy**, Metteson, Múr, Nation Of Language, Ólafur Kram, Pale Moon, Porridge Radio, Possimiste, Rakel, Röyksopp (DJ), Russian.Girls, Sameheads, Skoffín, Skrattar, Snny, Sóley, Sucks To Be You Nigel, Superserious, Supersport!, Svala, Sycamore Tree, Systur, The Vintage Caravan, Post Performance Blues Band, Thumper, Tuys, Ultraflex, Una Torfa, Unnsteinn, Unusual Demont, Vök, Zöe.

Arlo Parks

Anaïs Oluwatoyin Estelle Marinho er tuttugu og tveggja ára gömul bresk söngkona og lagahöfundur. Hún sló í gegn með fyrstu plötunni sinni, Collapsed in Sumbeams sem kom út í fyrra. Hún var tilnefnd til fjölda verðlauna á Brit Awards sama ár og hlaut að auki hin virtu Mercury-verðlaun fyrir bestu plötu. Tónlist Arlo Parks er ljúft tripphopp-skotið popp fyrir nýja kynslóð, með vönduðum útsetningum og grípandi laglínum.

Metronomy

Breska elektró-poppsveitin Metronomy er ein vinsælasta indí-sveit síðasta áratugar og hefur getið sér gott orð fyrir frábærar plötur á borð við The English Riviera frá 2011, og Love Letters frá 2014, svo að ekki sé minnst á hina nýjustu, Small World sem kom út á þessu ári.

Ceasetone

Ceasetone er verkefni Hafsteins Þráinssonar. Tónlistin er indí-skotið sinematískt rafpopp og farsælt samstarf við söngkonuna Rakel hefur skilað frábærum lögum á borð við Ég var að spá, sem JóiPé tók einnig þátt í, og hið örlítið dekkra Egotopia. Ceasetone minnir svolítið á íslensk rokkbönd frá aldamótum, kryddað með nútímalegum rafstefum.

Kóboykex

Kántrískotið rafpopp frá Færeyjum er það sem Kóboykex býður hlustendum upp á. Heiðríkur frá Heygum og Sigmund hafa báðir skapað sér nafn í færeyskri tónlistarsenu en leiða hér saman hesta sína undir merkjum kúrekakexins. Sigmund kemur úr pönkinu og Heiðríkur er þekktur fyrir angurværa, ljúfa rödd og harmþrungin popplög. Niðurstaðan er spennandi.

Gugusar

Það er ekki Gusgus heldur Gugusar. Þessi frábæra tónlistarkona sló í gegn aðeins 15 ára gömul árið 2019 þegar hún hlaut titilinn Rafheili Músíktilrauna. Hún gaf út plötu árið 2020 og spilaði á Airwaves sama ár, og skildi tónlistarsenuna eftir gersamlega gapandi yfir snilli hennar og hæfileikum. Það er víst að það verður þétt pakkað í áhorfendaskaranum og um að gera að mæta snemma.

Altin Gün

Altın Gün er tyrkneska og þýðir gylltur dagur. Sveitin spilar sækadelískt rokk og kemur frá Amsterdam. Sveitin er stofnuð árið 2016 þegar bassaleikarinn Jasper Verhulst auglýsti eftir tyrkneskum tónlistarmönnum á Facebook. Sveitin leikur rokkábreiður af tyrkneskri þjóðlagatónlist í bland við frumsamið efni. Söngvarar sveitarinnar eru tveir, Merve Daşdemir og Erdinç Ecevit Yıldız, af tyrkneskum uppruna en hinir fjórir meðlimirnir koma frá Hollandi.

GOOD ROUTINE

Betri á breytingaskeiðinu

GOOD ROUTINE® eru hágæða bætiefni með einstakri virkni & hámarks upptöku á næringarefnum.

PURE OMEGA 3

Hæsti styrkur omega-3 & ekkert eftirbragð.
Góð fita fyrir endurnýjun fruma og fyrir hormónaframleiðslu.

GUARD YOUR LIVER

Inniheldur Soybean Lecithin og mjólkurþistil.
Öflug formúla fyrir hormónajafnvægi.

DAILY D3

D-vítamín með jómfrúarolíu sem margfaldar upptöku.
Allra mikilvægast á þessu skeiði lífsins.

Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi!
Fæst í Apótekaranum, Lyf & Heilsu, Fjarðakaup, Hagkaup, Krónunni og á **goodroutine.is**

Tími fyrir góðar venjur

Kvikmyndin Heima sem fjallar um Sigur Rós er sýnd á Bióteki. MYND/AÐSEND

Gamlar og góðar ræmur aftur í bíó

ninarichter@frettabladid.is

Bíótekið er verkefni Kvikmyndasafns Íslands sem miðar að því að gefa kvikmyndaáhugafólki tækifæri til að upplifa alls konar kvikmyndir einn sunnudag í mánuði. Eitt af markmiðum verkefnisins er að leyfa myndunum að njóta sín á stóru tjaldi í kvikmyndahúsi og er leitast við að velja kvikmyndir sem höfða til flestra og breiðs aldurshóps. Sýningarnar fara fram í Bíó Paradís.

Þann 6. nóvember verða þrjár kvikmyndir sýndar, Duggholufólkið frá árinu 2007, kvikmynd um hljómsveitina Sigur Rós sem ber titilinn Heima, einnig frá árinu 2007, og að lokum Europa frá árinu 1991. Miðaverð er aðeins þúsund krónur á hverja mynd og þeir sem kaupa sig inn á allar myndirnar fá hina þriðju frí. ■

> **Eitt markmið verkefnisins er að leyfa eldri myndum að njóta sín á stóru tjaldi í kvikmyndahúsi.**

Ný skáldsaga Ólafs Jóhanns!

Stórbrotin saga sem snertir þig djúpt



Tveir íslenskir námsmenn, Elísabet og Benedikt, kynnast í Leipzig skömmu fyrir hrun múrsins. Þau fella hugi saman en líf þeirra tekur óvænta stefnu þegar yfirvöld fara að sýna þeim áhuga. Áratugum síðar neyðist Elísabet skyndilega til að minnast þessara löngu liðnu daga sem hún vill síst af öllu rifja upp.

Tilboðsverð 6.399 kr.
verð áður 7.999 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 7. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2000

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

Penninn Eymundsson

Hvað er í mublunni, Guillermo?

Myrkviðir mublu herra Guillermos

SJÓNVARP

Guillermo del Toro's Cabinet of Curiosities
Leikstjórn: Ýmsir
Dreifing: Netflix

Arnar Tómas Valgeirsson

Safnþættir, þar sem hver þáttur er sjálfstæð saga, er skemmtileg týpa af sjónvarpsefni. Eins og áhorfendur hafa kynnst í gegnum Black Mirror og The Twilight Zone býður formið upp á sögur þar sem ekki er verið að teygja lopann heldur koma sér beint að efninu á skilvirkan hátt.

Nú hefur mexíkóski sérvitringurinn Guillermo del Toro fært okkur hryllingsþættina Cabinet of Curiosities þar sem einvala lið átta leikstjóra spreytir sig á að hræða, eða að minnsta kosti vekja óhug, áhorfenda á sirka klukkutíma. Sögusvið og andrúmsloft þáttanna er ólíkt og fær hver leikstjóri svigrúm til að setja sinn eigin stimpil á þættina.

Þættirnir eru ansi mismunandi að gæðum. Bestir eru The Viewing eftir Panos Cosmatos og The Autopsy eftir David Prior, en Outside eftir Ana Lily Amirpour og Graveyard Rats eftir Vincenzo Natali eru ansi þéttir líka. Restin er á bilinu la-la og yfir í ágætt en jafnvel þegar þættirnir eru upp á sitt versta þá leiðist manni aldrei.

Heilt yfir er fyrsta serían af Cabinet of Curiosities skemmtileg og fjölbreytt. Þrátt fyrir að þættirnir séu misgóðir, og einn eiginlega alveg hræðilegur, þá líður áhorfandanum aldrei eins og hann hafi eytt of miklum tíma og er venjulega spenntur að sjá hvað kemur næst. Vonandi fáum við annan skammt fyrir næstu hrekkjavöku. ■

NIÐURSTAÐA: Fjölbreyttur hrollvekjupakki sem er á heildina litið þess virði og verður vonandi fylgt eftir með annarri seríu á næstu árum.

Stafræn list fær samastað við höfnina

Á föstudag og laugardag fær mathöllin á Hafnartorgi að njóta sín í fyrsta sinn sem stafrænt upplifunarrými, þegar Högni Egilsson flytur lifandi tónlist við Óratorinn, gagnvirkt stafrænt hljóð- og myndverk, sem hann segir hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

ninarichter@frettabladid.is

Högni Egilsson tónskáld og tónlistarmaður er listrænn stjórnandi Hafnartorgs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á Hafnartorgi við gömlu höfnina í Reykjavík, er verslunarkjarni sem inniheldur meðal annars mathöll. Yfirbragð svæðisins er nútímalegt, byggingarnar eru gráar og formin hvöss. Innandyra er þó annað uppi á teningnum, en íburðarmiklar innréttingar í hlýjum viðartónum, leðursófar og litaðar flísar ramma inn fjölda veitingastaða. Þar inni hefur nú risið fyrsta stafræna gallerí sinnar tegundar í Reykjavík.

Fyllir svæðið skapandi orku

Högni Egilsson tónlistarmaður og tónskáld er listrænn stjórnandi svæðisins. „Hafnartorg nálgaðist mig með þessa hugmynd, að fylla þetta svæði með skapandi orku, með hugmyndir um að nýta þetta svæði á menningarlegan máta," segir hann.

„Þá rak ég augun í þennan frábæra aðbúnað sem er búið að setja upp hérna, níu skjái sem umlykja rýmið. Þetta eru tveggja metra háir LED-skjáir af bestu sort. Tæknilegur aðbúnaður hérna er til fyrirmyndar."

Að sögn Högna er hljóðvistin í rýminu sérlega góð. „Það er hljóðkerfi í loftinu. Ég fylgdist með teikningum af þessu og þar var lagt til grundvallar að hljóðvist og nærvera væri góð," segir hann.

Aðstaða fyrir 21. aldar list

Högni segir hugmyndina hafa kviknað snemma, um að þarna væri fullkomin aðstaða til sýninga á 21. aldar list. „Þá tala ég um list sem vinnur með miðla 21. aldarinnar, myndlist sem er búin til með aðstoð algríma og nýjustu tækni. Þess vegna koma þessir skjáir svo sterkir inn. Í samstarfi við Karlssonwilker erum við búnir að búa til gagnvirka hljóð- og myndupplifun sem er 30 mínútna löng og heitir Óratorinn."

Karlssonwilker er hönnunarstofa í New York undir forystu Hjalta Karlssonar og Jan Wilker. Stofan hefur starfað frá aldamótum og vinnur á alþjóðlegum vettvangi með fyrirtækjum og menningarstofnunum af ýmsu tagi, að hönnun vörumerkja, merkinga og umbúða, auk stafrænnar hönnunar, hreyfihönnunar og umhverfishönnunar. Meðal viðskiptavina Karlssonwilker má nefna MoMA, Nintendo, Samsung, Puma, Guggenheim og Rockefeller-sjóðina.

Högni lýsir verkinu svo, að þarna sé hljóðleg og myndræn upplifun þar sem gestir ganga um rýmið og upplifa hljóð frá mismunandi stöðum. „Öll lýsingin verður sett niður og það verður myrkur, eina lýsingin kemur frá þessum skjáum sem gefa frá sér mismunandi form og liti. Það eru kóðar sem þýða hljóðið inn í mynd og þetta er framleitt af generatívri gervigreind," segir hann.

Ákveðin köld fagurfræði

Nokkur umræða hefur skapast um yfirbragð svæðisins, og því jafnvel lýst sem vindasömu og kuldalegu. Það stendur ekki á svari hjá Högna, sem segist kjósa að sjá möguleika, fegurð og gleði hvert sem hann lítur. „Hér er vissulega vindasamt og húsin eru grá. Þau eru hönnuð í anda strúktúralisma. Það er ákveðin fagurfræði í loftinu og hún er kannski köld, en hún hýsir vel innrætt fólk og hlýleikinn kemur að innan," segir hann.

„Auðvitað er borgin alltaf að stækka og fólk alls staðar að safnast saman í Reykjavík. Það eru gleðitíðindi að hér sé ný byggð, nýr kjarni og stefna. Það er ekki hægt að pína fólk til að gera neitt, en hér er frábær matur, hægt að fara í Hörpu, á höfnina og í búðir. Ég fagna því sem borgarbúi að það sé til fólk sem þorir að taka þriggja milljarða króna lán og gera eitthvað fallegt," segir Högni.

Að virkja nýja nýmiðlasenu

Hann ítrekar að sitt verkefni sé að hrista upp í hlutverki svæðisins. „Við viljum gera list, eitthvað sem fangar hugann. Ég hugsa: Hey, þið eruð búin að setja upp frábæra aðstöðu sem er þessir skjáir. Virkjum núna íslensku grasrótar audio-visual-sjón-hljóðsenuna sem á ótrúlega mikið af ungum nýmiðla-listamönnum sem eru að vinna listina sína í tölvum. Þau setja kannski gervigreindina á netið eða eitthvað, en það hefur hingað til ekki verið til staður þar sem þessir höfundar geta sýnt verk sín."

Högni segist að fyrra bragði ekki vilja fara út í að útskýra meiningu eða merkingu Óratórsins. „Verkið er fullkomlega abstrakt, brotið úr meiningu. Þetta er marg-skynjunarverk. Þú skynjar það í hljóði og ljósi. Það er enginn texti, engir hlutir sem vísa í veruleika sem við lifum í heldur er þetta allt bundið við framandlegt svið, svo að við notum illskiljanlegt mál," segir Högni og hlær.

„Listin er til að ögra skilningi okkar á umheiminum og við erum að virkja nýsköpunina í tilfinningalífi svæðisins." ■

> Það er ákveðin fagurfræði í loftinu og hún er kannski köld, en hún hýsir vel innrætt fólk og hlýleikinn kemur að innan.
>
> Högni Egilsson

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

LYFIN Í LÚGUNA
Bílaapótek

Opið ALLA daga
VESTURLANDSVEGI 9–22
HÆÐASMÁRA 10–23

Opið virka daga
SUÐURFELLI 9–18

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Suðurfelli
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Renndu við

LÁ • HELGI • BLÁ HELG

BLÁ HELGI

Tilboðsdagar 3.-6. nóvember

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

OPIÐ TIL 20 Í DAG FIMMTUDAG

Kynningar á Osram, Snickers
og MI snjalltækjum í Breidd milli
14 og 18 í dag

LÁ • HELGI • BLÁ HELG

GI • BLÁ HELGI • BLÁ HI

Málning -30% • Parket -30%
Flísar -30% • Ljós -20%
Jólavara -25% • Perur -20%
Blár Bosch -20% • Grohe -25%
Kósývara -25% • Snickers -25%
Toe Guard öryggisskór -25%
Solid Gear öryggisskór -25%
Sonax -25% og valdar vörur á allt
að 50% afslætti

Skannaðu kóðann og
skoðaðu öll tilboðin

SAMAN í 60 ÁR

BYKO

GI • BLÁ HELGI • BLÁ HI

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Velkomin í glænýja verslun á Selhellu í Hafnarfirði
nettó

Bakþankar

Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur

Fullkomlega ófullkomin

Nú þegar Halloween og allt það havarí hefur haldið innreið sína rifjast upp fyrir mér hversu ömurleg ég var alltaf í öllu slíku með mín börn. Þarna stóð ég mig ekki í stykkinu. Ég hafði engan tíma (fannst mér þá), lítinn metnað, nennti þessu ekki, kunni þetta ekki almennilega, naut þess ekki og fór eiginlega undan í flæmingi. Það sama á við um öskudaginn. Mamma mín bjargaði einhverju man ég. Keypti búninga í útlöndum meðal annars, Guð blessi hana.

Það er svo margt sem foreldrar eiga að græja og gera þegar börn þeirra eru að alast upp. Það er eðlilegt að við náum ekki utan um þetta allt. Það er ógjörningur með öllu öðru sem þarf að gera; vinna, versla, elda, ganga frá, nýta afganga, gera nesti, þrífa, þvo þvott, hengja upp, brjóta saman, heimsækja, hugsa um, snýta, tala við, hugga, afmæli, foreldrafundir, vinahittingar, æfa, hugleiða, svara skilaboðum, sinna makanum, hafa gaman, vera glaður, anda og vera „senaður“.

Ég man ég reyndi að einfalda mér þessa daga með misjöfnum árangri. Börnin mín muna það líka, ég tala stundum um þetta af því ég er með smá samviskubit. En við erum samt sammála um (held ég) að það er líka gott að eiga foreldra sem eru smá ófullkomnir. Ef við erum of fullkomin, þá er erfiðara fyrir börnin okkar að feta í okkar fullkomnu fótspor er þau hefja sinn búskap, eignast börn, maka og svo framvegis.

Mér hefur fundist gott að ræða svona við börnin mín. Tala um það sem ég veit ég hefði kannski mátt gera betur. En um leið minnug þess að ég var samt alltaf að gera mitt besta … og er það ekki nóg? ■